



FLOTTUSTU HÖNNUÐIRNIR Á REYKJAVÍK FASHION FESTIVAL >30

MARÍA PÁLSDÓTTIR ER KERLINGIN
▶26



FRÉTTABLAÐIÐ

HELGARBLAÐ
18. janúar 2014
15. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt orrentmálakennslun Laugavegi 11, janúar - maí 2014



Norðurljósin seld fyrir milljarða

Norðurljósin öfluðu ferðapjónustunni milljarða í tekjur á síðasta ári. Er langþráður draumur Einars Ben að rætast? Fréttablaðið gerir úttekt á ferðapjónustunni. ▶22



FERTUGUR ROKKARI
Páll Rósinkrans hefur aldrei verið í betra formi. Breytti um lífsstíl fyrir þremur árum. ▶44



BARST HÓTUNARBRÉF

Bubba Morthens barst ósmekklegt hótunarbréf frá keppanda í Ísland Got Talent. ▶66



ÚLFURINN Á WALL STREET

Jordan Belfort sveik út ótrúlegar fjárhæðir á Wall Street. ▶28

MYND/GUÐJÓN ÖTTÓ BJARNASON

RISAÚTSALA
BILTÆKI SJÓNVÖRP
BÍLHÁTALARAR HLJÓMBÖRÐ
ÚTVÖRP
MEIRA EN 1000 VÖRTEGUNDIR MED ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI
ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR
FERÐATÆKI MAGNARAR DVD SPILARAR HEYRNARTÓL
MYNDAVÉLAR MP3 SPILARAR HÁTALARAR ÍSSKÁPAR
PRÁDLAUSIR SÍMAR FRYSTIKISTUR

Sjá allt úrvalið á ht.is

Heimilistæki
www.ht.is

SUBURLANDSBRÁUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla

OPÍÐ
24
TÍMA

Iceland

HEILSUDAGAR
18.-19. JANÚAR

SMÁRALIND

Betri kjör á bílafjármögnun

Út janúar eru engin lántökugjöld af lánum til einstaklinga til kaupa á nýjum bílum. Búið er að afnema stimpilgjöld af lánaskjölum. Landsbankinn býður fjölbreyttar leiðir í bílakaupum og Vörðufélagar njóta betri kjara.

75%

Allt að
75%
lánshlutfall

7 ára

Allt að
7 ára
lánstími

0%

Engin
lántöku-
gjöld

Vexti, verðskrá og nánari upplýsingar má finna á landsbankinn.is eða hjá Bíla- og tækjafjármögnun Landsbankans í Borgartúni 33. Afsláttur gildir til 1. febrúar 2014.

JONSSON & LEWIS • JUS • STA




11.1.2014 → 17.1.2014


8% samdráttur varð í sölu á nýjum fólkabílum í fyrra miðað við árið 2012. Á sama tíma keypti Bílaleiga Akureyrar 14 prósent allra nýrra fólkabíla sem seldust.



33% af þeirri raforku sem Danir notuðu í desember kom frá vindorkuverum. Þetta er heimsmet.




321 VÖRUNÚMER af bjór var til sölu í verslunum ÁTVR á síðasta ári. Sama tegund getur verið á fleiri en einu númeri ef umbúðirnar eru mismunandi.



50.421 tonn veiddust af fiski í desember samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands. Þetta er 7.607 tonnum meira af fiski en veiddist í desember 2012.

258% aukning varð á sölu rafbíla í fyrra miðað við árið 2011. Á sama tíma drógust nýskráningar á metanbílum saman um



ÁNÆGD Íris Hulda Jónsdóttir var að vonum ánægð með verðlaunin fyrir myndagátuna.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Margir sendu lausnir á myndagátunni:

Íris Hulda hlaut verðlaunin

GETRAUN Íris Hulda Jónsdóttir úr Reykjavík hlaut verðlaunin fyrir lausn á myndagátu Fréttablaðsins sem birtist á gamlársmorgun. Bréf Írisar Huldu með lausninni var dregið úr miklum fjölda bréfa sem lesendur Fréttablaðsins höfðu sent og eru þeim færðar þakkir fyrir þátttökuna.

Íris Hulda hlaut að launum gjafakort í Borgarleikhúsið. Í samtali við Fréttablaðið sagði hún hafa verið í töluverðan tíma að glíma við getraunina, sem hafi verið ansi snúin í þetta sinn. Með hjálp unglings á heimilinu tókst henni þó að ljúka ætlunarverkinu. Lausnin á myndagátunni er á síðu 42 í blaðinu í dag.

Hafnar siðferðismati í framhaldsskólunum

Menntamálaráðherra segir ekkert að því að gefa skriflegar umsagnir um nemendur en eigi að taka upp slíkt kerfi verði að vanda til verka. Ráðherra hafnar öllum hugmyndum um að skólastjórnendum verði falið að leggja siðferðismat á fólk.

SKÓLAMÁL „Þessar hugmyndir verða ekki teknar upp á minni vakt. Þær eru gjörsamlega ónothæfar,“ segir Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra.

Þar vísar ráðherra til hugmynda sem mennta- og menningarráðuneytið sendi frá sér í tíð fyrrverandi ríkisstjórnar og lúta að því að stjórnendur framhaldsskóla eigi að fara að rita sérstakt umsagnarbréf með nemendum sem ljúka framhaldsskólaprófi. Hugmyndirnar eiga rætur að rekja til námskrár framhaldsskólanna frá 2011. Fréttablaðið greindi frá málinu í gær.

Atli Harðarson skólameistari hefur gagnrýnt tillögurnar harðlega og telur það siðferðilega hæpið að stofnanir ríkisins feli dóma um þankagang, sjálfsþekkingu, sjálfsmynd og siðferði fólks.

Illugi kveðst taka undir gagnrýni Atla og vera sammála honum. Hann segir að ekki standi til að fara að meta nemendur með þessum hætti.

„Það verður aldrei tekið upp þannig kerfi að skólastjórnendum verði lagt það á herðar að leggja siðferðilegt mat á nemendur á meðan ég er menntamálaráðherra,“ segir Illugi.

Hann segir þó að það geti verið af hinu góða að kennarar gefi skriflegar umsagnir um nemendur.

„Það er ekkert að því að gefa skriflegt mat og getur í raun verið æskilegt. Það skiptir hins vegar miklu máli að vandað sé til verka, það sé skýrt á hverju slíkt mat er byggt og hvernig eigi að framkvæma það.“



VANDA TIL VERKA Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra segir hugmyndir um að skólastjórnendum verði falið að leggja siðferðilegt mat á þá sem ljúka framhaldsskólaprófi ónothæfar. Hann segir að eigi að breyta námsmati verði að vanda til verka.

Eiga rétt á námi í framhaldsskóla

Þeir sem lokið hafa grunnskólanámi hafa hlotið jafngilda undirstöðumennntun eða hafa náð 16 ára aldri eiga rétt á að hefja nám í framhaldsskóla. Þeir sem rétt eiga á að hefja nám í framhaldsskóla samkvæmt málsgrein þessari eiga jafnframt rétt á því að stunda nám í framhaldsskóla til 18 ára aldurs. Til að útskrifast með framhaldsskólapróf skal nemandi hafa lagt stund á nám sem svarar til 90–120 eininga samkvæmt námskrá.

Illugi segir að þetta sé hluti af stærra máli sem er hvernig einunnir séu gefnar.

„Það er búið að gera töluverðar breytingar á námskránni sem kalla á endurmat á því hvernig við mælum árangur skólastarfsins,“ segir ráðherra.

Það sé verið að horfa á fram-

haldsskólaprófið og hvernig það geti gefið mynd af stöðu nemandans á þeim tímamarki.

„Þær breytingar sem við gerum á námsmati þurfa að vera skynsamlegar og vel hugsaðar,“ segir Illugi og ítrekar að þær hugmyndir sem búið er að senda út séu algerlega ónothæfar.

johanna@frettabladid.is

Páfi brást við barnaníði: Svípti hundruð presta hempu

PÁFAGARÐUR, AP Á árunum 2011 til 2012 svípti Benedikt 16. páfi nærri 400 kaþólska presta hempunni, eftir að þeir höfðu orðið uppvisir að því að níðast kynferðislega á börnum.

Þetta er töluverð fjölgun frá árunum 2008 og 2009, þegar samtals 171 kaþólskur prestur var svíptur hempunni af sömu sökum. Eldri tölur eru ekki sambærilegar.

Þetta kemur fram í skjölum sem AP-fréttastofan hefur komist yfir.

- gb

Nýjung í ferðamennsku: Í hópferð til suðurskautsins

FERÐALÖG Á morgun heldur ellefu manna hópur Íslendinga til Suðurskautslandsins undir fararstjórn Ara Trausta Guðmundssonar, jarðvísindamanns og rithöfundar.

Þetta er fyrsti almenni ferðahópurinn héðan til Suðurskautslandsins, en flogið verður til suðurodda Suður-Ameríku og þaðan haldið á skipi yfir til Suðurskautslandsins og siglt þar milli eyja og um firði. Farið er í land á gúmmibátum þar sem áhugi og færð leyfa. Komið verður til baka í byrjun febrúar.

- gb

Hugsun og líðan í átt að

Líkamssátt

Næsta námskeið hefst mán. 3 febrúar

Valgerður Hjúkrunarfr.

Helma Rut Sálfræðingur.

Leiðbeinendur hafa lokið sérnámi í hugrænni atferlismeðferð.

- hugræn atferlismeðferð
- þjálfun svengdarvitundar
- núvítund
- góðvild í eigin garð

Skráning í Heilsuborg, s: 560-1010, www.heilsuborg.is

Nánari upplýsingar:

695-5288 / helmarut@gmail.com 691-3949 / vmm@internet.is

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi

MILT Í VEÐRI NÆSTU DAGA Fremur hægur vindur í dag en allhvasst við SA-ströndina. Það verður rigning víða um austan- og suðaustanvert landið en þurrt að mestu annars staðar. Svipað næstu daga en kólnar fram til mánudags, hlýjast syðst.

Alicante 16°	Billund 5°	Gautaborg 4°	London 10°	Orlando 12°	San Francisco 18°
Basel 6°	Frankfurt 8°	Kaupmannahöfn 4°	Mallorca 9°	Oslo -4°	Stokkhólmur -3°
Berlín 7°	Friedrichshafen 8°	Las Palmas 20°	New York 5°	París 10°	

Vordís Eiríksdóttir veðurfréttamaður

Audi Q3 2.0TDI

S-tronic, dísil, 177 hö.
Fullt verð: 8.210.000

KJARAKAUP: 7.410.000



Afsláttur: **800.000**

VW Golf 1.6TDI

Trendline 5 gíra, dísil, 105 hö.
Fullt verð: 3.670.000

KJARAKAUP: 3.270.000



Afsláttur: **400.000**

VW Passat 1.4TSI EF

Comfortline sjálfskiptur, bensín/metan, 150 hö.
Fullt verð: 4.810.000

KJARAKAUP: 4.260.000



Afsláttur: **550.000**

VW Touran 1.2TSI

Comfortline 6 gíra, bensín, 105 hö.
Fullt verð: 4.550.000

KJARAKAUP: 3.750.000



Afsláttur: **800.000**

Skoda Octavia

1.2TSI 6 gíra, bensín, 105 hö.
Fullt verð: 3.790.000

KJARAKAUP: 3.440.000



Afsláttur: **350.000**

MMCOutlander

2.2DID 7 manna sjálfskiptur, dísil, 150 hö.
Fullt verð: 6.890.000

KJARAKAUP: 6.190.000



Afsláttur: **700.000**

Skoda Rapid

1.4TSI sjálfskiptur, bensín, 122 hö.
Fullt verð: 3.820.000

KJARAKAUP: 3.470.000



Afsláttur: **350.000**

VW Polo 1.4MPI

Comfortline sjálfskiptur, bensín, 85 hö.
Verð á reynsluakstursbíl 2.690.000

KJARAKAUP: 2.490.000



Afsláttur: **200.000**

KJARAKAUP

Gæðabílar á einstöku verði

HEKLA býður einstök kjör á takmörkuðu magni sýningarbíla, reynsluakstursbíla og valdra bíla frá Volkswagen, Skoda, Audi og Mitsubishi.

Kjarakaup HEKLU standa yfir út janúar, eða á meðan birgðir endast. Fyrstir koma, fyrstir fá.

Bílar eru til sýnis hjá HEKLU, Laugavegi 170-174.

Kjarakaup HEKLU gera þér kleift að eignast gæðabíl á einstöku verði.

Kjarakaup HEKLU nýtast öllum vel!

Afsláttur: **350.000**

VW Bjalla 1.2TSI

Basic 6 gíra, bensín, 105 hö.
Fullt verð: 3.370.000

KJARAKAUP: 3.020.000



TAKMARKAÐ
MAGN BÍLA

Hér er aðeins sýndur hluti af bílum í boði.
Aukabúnaður á ljósmyndum getur verið annar en í auglýstum verðdæmum.
Fullt verð er verð hvers bíls með aukabúnaði.

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is



TÖK Á TILVERUNNI – námskeið við athyglisbresti og kvíða

Átt þú erfitt með að einbeita þér?

- Ertu gleyminn og utan við þig?
- Eru áhyggjur að plaga þig?
- Átt þú erfitt með að halda utan um allt sem þú þarft að gera?
- Gætir þú gert svo miklu betur?

Á þessu námskeiði lærir fólk aðferðir til að bæta einbeitingu, minni og skipulag, draga úr frestun og öðrum afleiðingum athyglisbrests. Jafnframt lærir fólk leiðir til að minnka áhyggjur og kvíða með aðferðum hugrænnar atferlismeðferðar. Stjórnendur námskeiðs eru Sigríður D. Benediktsdóttir og Sóley D. Davíðsdóttir sálfræðingar.



HAFRÉTTARSTOFNUN
ÍSLANDS

Styrkir til náms í hafrétti

Hafréttarstofnun Íslands er rannsókn- og fræðlustofnun á sviði hafréttar við Háskóla Íslands og er meginmarkmið stofnunarinnar að treysta þekkingu á réttarreglum á sviði hafréttar. Að stofnuninni standa Háskóli Íslands, utanríkisráðuneytið og atvinnuvega- og nýsköpunar-ráðuneytið.

Hafréttarstofnun auglýsir hér með eftirfarandi styrki til náms í hafrétti til umsóknar:

1. Styrk til framhaldsnáms í hafrétti á háskólaárinu 2014 - 2015.
2. Styrki til þátttöku í sumarnámskeiði Ródos-akademíunnar í hafrétti 29. júní - 18. júlí 2014.

Umsóknir berist Hafréttarstofnun Íslands, utanríkisráðuneytinu, Rauðarárstíg 25, 150 Reykjavík fyrir 3. febrúar nk.

Nánari upplýsingar veitir Tómas H. Heiðar, forstöðumaður stofnunarinnar, í síma 545 9900.



Snjór um víða veröld – World Snow Day

Sunnudaginn 19. janúar

Bláfjöll

- Frítt í fjallið fyrir 16 ára og yngri
- Tilboð á skíðaleigu
- Frí skíða- og brettakennsla fyrir alla kl. 14–16
- DJ Emmsjé Gauti og Steinar kl. 14–16
- Heitt kakó eins og fólk getur í sig látið

Sjáumst í Bláfjöllum
á sunnudaginn!



Bæjarfulltrúi Í-lista á Ísafirði gagnrýnir styrkveitingar frá forsætisráðherra: Eigin gæluverkefni í forgangi

STJÓRNMÁL „Þetta er sérkennileg stjórnsýsla,“ segir Arna Lára Jónsdóttir, bæjarfulltrúi Í-lista á Ísafirði, um styrkveitingu sem Ísafjarðarbær fékk frá forsætisráðuneytinu.

Um er að ræða tveggja milljóna króna styrk til viðgerðar á Svarta pakkhúsinu á Flateyri og tíu milljóna króna styrk til gerðar nákvæmra þrívíddarlíkana af bæjarkjörnum þorpanna fimm sem tilheyra Ísafjarðarbær.

Arna Lára bókaði á fundi

bæjarráðs að þetta sætti undrun, sérstaklega þar sem ekki var formlega óskað eftir þessum fjárveitingum. Eðlilegra hefði verið að hafa samráð við heimamenn um forgangsroðun verkefna.

„Við erum þakklát og þetta eru góð verkefni. Hins vegar er búið að skera niður fjárveitingu til annarra verkefna hér á Vestfjörðum sem sammælt hefur verið um að séu afar mikilvæg og gæluverkefni ráðherra eru fjármögnum í staðinn,“ sagði Arna. - eh



STYRKVEIÞING Arna Lára Jónsdóttir telur að samráð við bæjarfulltrúa hefði verið eðlilegra.



DAGFORELDRAR

Formaður Barnavistunar segist ekki kannast við uppsagnir hjá dagforeldrum. Myndin tengist fréttinni ekki beint.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Kannast ekki við að börnum sé sagt upp

Formaður Barnavistunar, félags dagforeldra, segist ekki kannast við að félagsmenn segi upp eldri börnum til að koma yngri að. Borgarfulltrúi segir leitt að dagforeldrar sjái sig knúna til að segja börnum upp. Ekki stendur til að breyta reglum.

REYKJAVÍK Formaður Barnavistunar, félags dagforeldra, segir félagsmenn ekki kannast við að dagforeldrar segi eldri börnum upp til að koma yngri börnum að. Samfélagssíða félagsins hefur logað vegna málsins. Fulltrúi meirihlutans í skóla- og frístundaráði Reykjavíkur

segir hagsmuni foreldra og dagforeldra ekki alltaf fara saman. „Ég hef ekki heyrt um þetta í mínu félagi og held að þessi tilfelli séu fá. Það logar allt á Facebook-síðunni okkar þar sem margir fullyrða að þeir starfi ekki svona. Maður setur ekki barn út í kuldann,“ segir Guðný Ólafsdóttir, dagmóðir og formaður Barnavistunar.

Guðný segir dagforeldra í miðborginni síður lenda í vandræðum heldur en dagforeldrar í úthverfum þegar börn komast inn á leikskóla.

„Ég starfa í hverfi 105 þar sem eftirspurnin eftir dagforeldrum er mjög mikil og lendi því aldrei í svona vandræðum,“ útskýrir hún.

Guðný segir dagforeldra í Reykjavík hafa staðið í ströngu við að fá borgina til þess að virða mánaðar uppsagnafrest og að það sé nú gert í flestum tilfellum. Dagforeldrar hafi mánuð til þess að fylla laus pláss.

Eva Einarisdóttir, borgarfulltrúi og talsmaður meirihlutans í Reykjavík í málefnum dagforeldra, segir leitt að heyra að dagforeldrar finni sig knúna til að segja börnum upp.

Eva segir framlag borgarinnar með börnum vera óháð aldri þeirra, en eftir því sem þau eldist aukist vissulega líkurnar á því að þau fái leikskólapláss. „Eftir hrun hafa nærri öll börn fengið pláss á haustin, en eftir því sem fjármagn hefur leift höfum við búið börnum fæddum í janúar og febrúar pláss utan skilgreinds tíma,“ segir Eva, en hagsmunir foreldra og dagforeldra fari ekki alltaf saman í þessu tilliti.

Eva segir skóla- og frístundasvið

„Það logar allt á Facebook-síðunni okkar þar sem margir fullyrða að þeir starfi ekki svona. Maður setur ekki barn út í kuldann.“

Guðný Ólafsdóttir, formaður Barnavistunar, félags dagforeldra

vera í miklu sambandi við dagforeldra til þess að miðla upplýsingum um leikskólapláss.

Sigrún Edda Lövdal, formaður Barnsins, félags dagforeldra í Reykjavík, sagði við Fréttablaðið í vikunni að dagforeldrar vilji fá leyfi borgarinnar fyrir því að hafa tímaþingið fleiri börn en leyfilegt er til að koma í veg fyrir uppsagnir. Eva segir borgina fara eftir reglugerð í þeim efnum. „Ég skil vel að einhver hugsi að það sé í lagi að hafa tímaþingið aukabarn, en við viljum að foreldrar geti treyst því að farið sé að reglum.“ eva@frettabladid.is

Vísitala neysliverðs lækkar í janúar gangi spá greiningardeilda eftir:

Verðbólguhorfur hafa batnað

EFNAHAGSMÁL Verðbólga í janúar fer úr 4,2% í 3,5% gangi spár greiningardeilda Íslandsbanka og Arion banka eftir. Hjöðnunin nemur 0,7 prósentustigum.

Greiningardeild Arion segir þó erfitt að spá um endanleg áhrif skatta- og gjaldskrárhækkana þar sem stjórnmál hafi heitið því að lækka eldsneytisgjöld og eftir atvikum önnur gjöld til að styðja við forsendur kjarasamninga.

Greiningardeildir beggja banka segja sterkari krónu og tiltölu-

lega hóflega hækkun launa í ný-afstöðnum kjarasamningum hafa góð áhrif á verðbólguþróunina. „Þannig munu verslanir væntanlega kaupa inn nýjan varning á hagstæðara gengi eftir útsölu en útsöluvarningurinn var upphaflega keyptur inn á,“ segir í Morgunkorni Greiningar. Útsölulok hafi því ekki jafn sterk áhrif og áður.

Í spá Íslandsbanka er gert ráð fyrir að verðbólga fari í 2,6% í febrúar, en taki svo að stíga að nýju og verði 3,1% í árslok. - óká



Í BÚÐARFERÐ Útsölulok hafa ekki jafnstærk áhrif til aukinnar verðbólgu og oft áður.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



ix35

Vandaður – fjórhjóladrifinn

Hyundai ix35 - Verð: 5.790.000 kr.

Dísil, beinskiptur, fjórhjóladrifinn / hiti í stýri / bakkmyndavél / eldneytisnotkun 5,5 l/100 km*.

Innborgun 60% / Gamli bíllinn þinn og eða reiðufé: 3.474.000 kr.

NÚLLVEXTIR BL: 2.316.000 kr. til 36 mánaða. Vaxtalaus afborgun: 64.333 kr. á mán.

Með nýju núllvaxtaláni BL getur þú fengið allt að 40% af verði bílsins að láni vaxtalaus til allt að 36 mánaða. Engir vextir, engin verðtrygging, enginn þinglýsingarkostnaður og ekkert smátt letur. Þú ekur um á nýjum bíl í fullri ábyrgð. Farðu á bl.is og kynntu þér frábæran möguleika til að kaupa nýjan bíl.

NÚLLVEXTIR BL – Loksins bílalán sem gæti borgað sig að taka.



OPIÐ Í DAG, LAUGARDAG FRÁ 12-16

 **NEW THINKING.
NEW POSSIBILITIES.**

Hyundai – Kaupúni 1 – 210 Garðabæ – Sími: 575 1200
www.hyundai.is – www.facebook.com/hyundai.is



Hyundai / BL ehf.

GE bílar / Reykjanesbæ / 420 0400 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílaverkstæði Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070 – IB ehf. / Selfossi / 480 8080

HEILSUDAGAR

18.-19. JANÚAR

GÓÐ HEILSA ER GULLI BETRI!

ÁHUGAVERÐAR KYNNINGAR OG TILBOÐ Á HEILSUVÖRUM.

TAKTU ÞÁTT Í SKEMMTILEGUM LEIK. ÞÚ FÆRD ÞÁTTÖKUSEDIL HJÁ SAMSTARFSADILUM HEILSUDAGA. GLÆSILEGIR VINNINGAR Í BODI.



OPIÐ HÚS ALLA HELGINA

og þjálfarar bjóða upp á ráðgjöf.



LAU. 14-16

Kynning á CWX Compressionvörum.

SUN. 14-16

Kynning á Casall æfingavörum.

- 10 bita Sushi blandaður diskur

- Satay kjúklingalundur í speltbrauði

- Mexico kjúklingasalat

Hver réttur aðeins 1.490 kr.



Andoxun - Detox

20% AFSLÁTTUR

af Matcha Latte og Matcha for cooking.



TE & KAFFI

TILBOÐ

Þú kaupir eina tegund af vítamíni eða bætiefni og færð aðra á 50% afslætti.

Hómópati, heilsuráðgjafi og lyfjafræðingur bjóða upp á mælingar og ráðgjöf.

HOLLAND & BARRETT
we're good for you

20% AFSLÁTTUR

af öllum bætiefnum.

LAU. 12-16 Næringarþerapisti aðstoðar við val á bætiefnum.



30% AFSLÁTTUR
af heilsutímáritum.



HEILSUDAGAR

Fjöldinn allur af tilboðum og kynningum.



Verano salat og Kristall

1.099 KR.



Kynning á heilsu- og sportaukahlutum fyrir iPad, iPhone og iPod Touch.



15-50% AFSLÁTTUR

af sport- og íþróttagleraugum.



Bæjarstjórn Ísafjarðar segir iðulega fjara undan opinberum starfsstöðvum úti á landi og skorar á ríkisstjórn og Alþingi:

Ríkisvaldið verndi starfsstöðvar sínar á Vestfjörðum

STJÓRNSÝSLA Bæjarstjórn Ísafjarðar segir að þó oft hafi tekist að koma fótunum undir opinberar starfsstöðvar sem eigi fullt erindi á Vestfirði þá fjari einhverja hluta vegna undan þeim þegar frá líði.

„Átakanlegt dæmi um þetta er lokun útibús Fiskistofu á Ísafirði. Þrátt fyrir mikilvægi Vestfjarða sem löndunarstöðvar á Íslandi er nú enginn starfsmaður Fiskistofu staðsettur þar. Nú eru einnig horfnir héðan starfsmenn í fiskeldiseftirliti, þrátt fyrir að sjókvíaldri fiskis

sé bannað víðast hvar annars staðar en á Vestfjörðum, þar sem jafnframt er þriðjungur strandlengju Íslands,“ segir bæjarstjórnin sem vill að ríkið standi vörð um slíkar starfsstöðvar og óskar eftir viðræðum við fulltrúa ríkisstjórnarinnar um nauðsynlegar úrbætur.

Bæjarstjórnin segir mikilvægt að ríkið „komi af heilum hug að uppbyggingu fjölbreyttrar atvinnustarfsemi á Vestfjörðum“ og kveðst ítreka „mikilvægi þess að uppbygging í tengslum við fiskeldi hvort

sem það eru rannsóknir, eftirlit eða menntun verði byggt upp á Vestfjörðum, enda ljóst að umfangsmikil starfsemi er nú þegar í fiskeldi á svæðinu og er fyrirsjáanleg mikil aukning í náinni framtíð.“

Þá skorar bæjarstjórnin á Alþingi og ríkisstjórnina „að standa með Vestfirðingum og byggja upp öflugna miðstöð fiskeldis á Vestfjörðum á sviði eftirlits, rannsókna og menntunar í gegnum Háskóla-setur Vestfjarða og Rannsóknasetur Háskóla Íslands.“




LÖNDUN Ísfirðingar segja lokun útibús Fiskistofu í bænum átakanlegt dæmi um örlög opinberra starfsstöðva á landsbyggðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

HEILSU DAGAR

18.-19. JANÚAR

Komdu í verslanir okkar og fáðu mældan blóðþrýstinginn og/eða púlsinn, niðurstöður birtast samstundis í iPhone eða iPad.



Þráðlausir blóðþrýstingsmælur



Þráðlaus púls og súrefnismælur



Þráðlaus blóðsykurmælur



Þráðlausir hreyfingaskynjarar



Þráðlaus vigt

epli.is

Smáralind | Sími 512 1330

Laugavegi 182 | Sími 512 1300

15%
AFSLÁTTUR
18-19. JANÚAR

Margar spurningar enn á lofti um MP

Beðið er útskýringa á tilurð frískuldamarks vegna bankaskatts, sem spyrnt hefur verið við tengsl við forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar. Frosti Sigurjónsson þvertur fyrir að nokkuð vafasamt hafi átt sér stað, en gott sé að fá allt upp á borðið.

STJÓRNSÝSLA „Það eru margar spurningar sem vakna og þess vegna þarf að fá fram skýringar, sérstaklega út af þessum ríku tengslum, sem komu nokkuð á óvart,“ segir Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, um boðaðan fund í efnahags- og viðskiptanefnd á mánudag þar sem fjallað verður um ákvörðun 50 milljarða frískuldamarks vegna bankaskatts.

Umræða hefur verið á lofti um tengsl milli stjórnarflokkanna og MP banka í því ljósi að ávörðunin um 50 milljarða frímarkið kom MP banka betur en flestum fjármála-fyrirtækjum. Fram hefur komið að einn af framkvæmdastjórum MP banka er Sigurður Hannesson, sem er náinn ráðgjafi Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar forsætisráðherra, og Sigurður Atli Jónsson, forstjóri MP banka er giftur systur Sigmundar Davíðs. Þá er Benedikt Gíslason, fyrrverandi framkvæmdastjóri hjá MP banka, nú ráðgjafi Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra.

Innan bankageirans þykir þessi ákvörðun orka tvímælis, bæði hvernig þessi upphæð hafi komið til, sem og tengingarnar milli MP banka og stjórnarinnar. Hvernig sem þetta hafi komið til, líti það alltjamt illa út, sagði einn viðmælandi Fréttablaðsins sem ekki vildi koma fram undir nafni.

Forsvarsmenn Landsbanka og Arion banka vildu ekki tjá sig um málið og í svari frá Íslandsbanka var ekki vikið sérstaklega að 50 milljarða frískuldamarkinu, heldur deilt á bankaskattinn og íþyngjandi áhrif hans á banka héraðsins.

Forsætisráðherra vildi ekki tjá sig um málið þegar eftir því var leitað, en Jóhannes Þór Skúlason, aðstoðarmaður hans, sagði að ekkert væri hæft í vangaveltum um tengsl inn í MP-banka og setningu frímarksins. Það væri alls ekki inni á borði forsætisráðuneytisins.

EKKI náðist í fjármálaráðherra við vinnslu fréttarinnar og upplýsingar sem Fréttablaðið óskaði eftir frá fjármálaráðuneytinu um tilurð 50 milljarða marksins búrast ekki í gær.

Frosti Sigurjónsson, þingmaður Framsóknarflokks og formaður efnahags- og viðskiptanefndar, hafnar því í samtali við Fréttablaðið að þessi tengsl hafi nokkuð að gera með ákvörðunina og nefndin hafi ekki lagt mat á áhrif frímarksins á einstaka banka. Fjármálaráðuneytið hafi ákvarðað upphæðina og vafasamt sé hvort það sé hlutverk alþingismanna í nefndinni að „velja banka inn eða út“ úr markinu.

„Þarna eru einhver tengsl og vensl, en það er ekki þar með sagt að þar sé einhver sekt á ferðinni,“ segir Frosti.

Hann segir að nefndarfolk hafi verið meðvitað, í ljósi athugasemda frá slitastjórnnum, að allt sem þau



MP BANKI Spurningar hafa vaknað um tengsl ýmissa stjórnenda bankans við forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar í samhengi við setningu frímarks vegna bankaskatts. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Ekki rétt, eftir á að hyggja“

Frosti Sigurjónsson, þingmaður Framsóknarflokksins og formaður efnahags- og viðskiptanefndar, játar að hafa farið rangt með í viðtali við Stöð 2 um síðustu helgi. Þar sagði hann að rök mætti færa fyrir því að MP banki ætti ekki að þurfa að greiða neinn bankaskatt, þar eð hann hafi ekki valdið ríkissjóði tjóni í hrininu.

„Það er búið að benda mér á að þær upplýsingar sem ég hafði voru ekki réttar,“ segir Frosti nú. „Það má færa rök fyrir að MP banki hafi bakað ríkinu tjón án þess að ég viti hvað það er mikið. Maður fær svampinn [hljóðnema fréttamanns] framan í sig og dettur eitthvað í hug. Ég hafði lesið þetta einhvers staðar eða séð í fréttum, hvort sem það var hjá Þorsteini Pálssyni eða hvað. Ég veit ekki einu sinni hvar ég hafði heimildir fyrir því, en þessu skaut upp í hausinn á mér þarna og var ekki rétt, eftir á að hyggja.“

MP banki 9. stærsta fjármálafyrirtækið

Í ritinu *300 stærstu* sem Frjáls verslun gaf út undir lok síðasta árs var MP banki í níunda sæti yfir stærstu fjármálafyrirtæki landsins með 5,9 milljarða króna veltu. Til samanburðar er Landsbankinn í efsta sæti með tæplega 109 milljarða veltu, Íslandsbanki með 86 milljarða og Arion banki í þriðja sæti með 82 milljarða veltu. Frá fjórða til áttunda sæti eru íbúðalánasjóður, Seðlabankinn, LÍN og kortafyrirtækin Valitor og Borgun.

Stærsti sparissjóðurinn er Sparisjóður Siglufjarðar með 1,5 milljarða veltu og Straumur fjárfestingabanki er með 1,3 milljarða.

Heildarskuldir MP banka eru þar sagðar um 64 milljarðar sem er innan við tíu prósent af því sem stóru bankarnir þrír eru með.

gerðu í málinu gæti orkað tvímælis fyrir dómstólum, ákvæðu þær að fara þá leið fyrir þessi lög.

„Þess vegna vorum við mjög á tánum að passa að allt væri eins vandað og hægt væri, og það dettur engum í hug að gera eitthvað sem orkar tvímælis við slíkar aðstæður. Það er enginn hvati til þess, heldur þvert á móti stórhættulegt. Ég trúi ekki að nokkrum detti slíkt í hug.“

Í umsógnum vegna bankaskattsins lögðu Straumur og Samband íslenskra sparissjóða til frímörk, annars vegar sjö milljarða og hins vegar þriggja milljarða, en það var áður en skattprósentan hækkaði margfalt eftir að ákveðið var að nýta skattinn til að fjármagna lánaleiðréttingaáætlun ríkisstjórnarinnar.

Frosti segir að eftir það hafi nefndarmenn haft áhyggjur af áhrifunum á minni banka og fagn-



„Það er ekkert hér sem þolir ekki dagsins ljós. Þess vegna fagna ég því að fjölmiðlar skoði málið.“

Frosti Sigurjónsson, formaður efnahags- og viðskiptanefndar

að hækkan marksins, án þess að velta fyrir sér áhrifum þess á einstök fjármálafyrirtæki.

Frosti segir að langbest sé að allt sé uppi á borðum í þessum málum.

„Það er ekkert hér sem þolir ekki dagsins ljós. Þess vegna fagna ég því að fjölmiðlar skoði málið.“

thorgils@frettabladid.is



SVONA ER
Sumarið
 OKKAR  2014



ALMERÍA



83.100 kr.*

Pierre Vancances ★★★

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með tveimur svefnherbergjum.
 106.300 kr. m.v. 2 fullorðna í íbúð.
 Brottför: 22.-29. júlí — 7 nætur

TENERIFE



121.600 kr.*

Hotel Fanabe Costa Sur ★★★★★

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í fjölskyldu herbergi með morgunverði.
 141.600 kr. m.v. 2 fullorðna í tvíbýli.
 Brottför: 23.-30. júlí — 7 nætur

MARMARIS



123.800 kr.*

Alenz Suit Apart ★★★

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með tveimur svefnherbergjum.
 141.700 kr. m.v. 2 fullorðna í íbúð.
 Brottför: 10.-21. júlí — 11 nætur

COSTA DORADA



104.500 kr.*

Villa Romana ★★★★★

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í tvíbýli með hálfu fæði.
 118.000 kr. m.v. 2 fullorðna í tvíbýli.
 Brottför: 25.-30. júlí

ALICANTE BORG



107.700 kr.*

Melia Alicante ★★★★★

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í tvíbýli með morgunverði.
 128.200 kr. m.v. 2 fullorðna í tvíbýli.
 Brottför: 1.-9. júlí — 7 nætur

ALBIR



93.800 kr.*

Albir Playa ★★★★★

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í tvíbýli með morgunverði.
 113.900 kr. m.v. 2 fullorðna í tvíbýli.
 Brottför: 22.-30. júlí — 7 nætur


BENIDORM



102.200 kr.*

Gran Hotel Bali ★★★★★

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í tvíbýli með hálfu fæði.
 127.000 kr. m.v. 2 fullorðna í tvíbýli.
 Brottför: 22.-30. júl — 7 nætur

SUMAR  FERÐIR

...eru betri en aðrar

Samkynhneigðir varaðir við: Fari í felur með kynhneigð sína

RÚSSLAND Vladimir Pútín Rússlandsforseti segir að samkynhneigðir séu velkomnir á Vetrarólympíuleikana, sem haldnir verða í Sotsjí í næsta mánuði.

Eina skilyrðið sé að þeir „láti börnin í friði“, eins og hann orðaði það. Í Rússlandi séu nefnilega í gildi lög sem banna fólk að hafa í frammi „áróður“ fyrir samkynhneigð í áheyrn barna.

Pútín og stjórn hans hafa verið harðlega gagnrýnd víða um heim fyrir þessi lög, sem tóku gildi á síðasta ári.

-gb

Vinstrimaðurinn Bohuslav Sobotka sór embættiseið sem forsætisráðherra Tékklands í gær: Kúvending í afstöðu Tékklands til ESB

TÉKKLAND, AP Bohuslav Sobotka tók í gær við embætti forsætisráðherra Tékklands. Sobotka er vinstrimaður, leiðtogi Sósíaldemókrata og var fjármálaráðherra síðast þegar sá flokkur var við völd, en það var á árunum 2002 til 2006.

Kúvending verður í afstöðu ríkisstjórnar Tékklands til Evrópusambandsins, því fyrri ríkisstjórn Borgaralega lýðræðisflokksins var afar andsnúin ESB, öfugt við Sobotka sem tók þátt í að semja um aðild Tékklands að ESB.

Fyrri stjórn var, auk Bretlands, eina aðildarríki ESB sem ekki vildi taka þátt í fjárlagabandalaginu nýja, sem sett var á laggirnar eftir að skuldakreppa tók að herja illilega á sum aðildarríkjanna. Sobotka hefur lýst yfir eindregnum vilja til að taka þátt í þessu samstarfi, þannig að Bretar verða þá eina ríkið sem ekki verður með.

Þingmeirihluti fyrri stjórnar féll í júní síðastliðnum í kjölfar hneykslismála, sem tengdust bæði mútugreiðslum og njósnum.

-gb



BOHUSLAV SOBOTKA Nýi forsætisráðherra undirritar embættiseið sinn.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kanarí

29. janúar í 7 nætur

21 EYRIR
Flugsæti frá kr. 49.900

Frábært tilboð á síðustu sætunum til Kanarí 29. janúar í 7 nætur frá kr. 49.900 – flugsæti á mann, báðar leiðir með sköttum!

Þú kaupir 2 flugsæti en greiðir aðeins fyrir 1.

Gistu á Dorothea***
frá kr. 12.500 í 7 nætur.
Netverð á mann kr. 12.500 m.v.
5 í íbúð með 2 svefnherbergjum.
Netverð á mann kr. 31.300 m.v.
2 í íbúð með 2 svefnherbergjum.

Gistu á Los Tilos***
frá kr. 17.700 í 7 nætur.
Netverð á mann kr. 17.700 m.v.
3 í íbúð með 1 svefnherbergi.
Netverð á mann kr. 26.900 m.v.
2 í íbúð með 1 svefnherbergi.

Sjá aðra gistimöguleika og tilboð á heimsferdir.is



Skíði

1. febrúar í viku

SÉRTILBOÐ

Frá kr. 119.900

Netverð á mann kr. 119.900, m.v.
2 fullorðna og 2 börn á Skihotel Speiereck í Lungau með hálfu fæði í viku.
Netverð á mann kr. 139.900, m.v.
2 fullorðnir á Skihotel Speiereck í Lungau með hálfu fæði í viku.

Fréttastofa
Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • www.heimstadir.is

NSA þarf nú að afla sér dómsúrskurðar

Obama bregst við uppljóstrunum Snowdens og boðar breytingar á því hvernig leyniþjónustustofnanir safna saman upplýsingum um einstaklinga. Ræða hans í gær var þó að meginuppistöðu vörn fyrir njósnir, sem hann segir nauðsynlegar.

BANDARÍKIN Þjóðaröryggisstofnun Bandaríkjanna, NSA, og aðrar leyniþjónustustofnanir þurfa nú að fá dómsúrskurð vilji þær fá aðgang að viðkvæmum upplýsingum um einstaklinga, sem safnað hefur verið saman í stórum stíl.

Þetta er meðal þeirra breytinga sem Barack Obama Bandaríkjaforseti kynnti í gær á reglum um starfsemi bandarísku leyniþjónustunnar.

Breytingarnar eru viðbrögð Obama við uppljóstrunum Edwards Snowden, sem enn er í Rússlandi þar sem hann fékk hæli síðastliðið sumar eftir að Bandaríkin ógiltu vegabréf hans og hótuðu honum lögsókn.

Í ræðu sinni í gær nefndi Obama í fyrsta sinn Snowden á nafn, en sagðist ekki vilja ræða hann að öðru leyti en því að „varnir þjóðar okkar eru að hluta byggðar á trúnaði þeirra sem treyst er fyrir leyndarmálum hennar“.

Ræða hans var að meginstofni vörn fyrir njósnir bandarísku leyniþjónustunnar. Hann sagði sum erlend ríki hafa „gert sér upp undrun“ þegar uppljóstranir Snowdens leiddu í ljós að Bandaríkin hafi stundað viðtækar njósnir um allan heim. Þau hafi gert slíkt hið sama.

„Við getum ekki einhliða afvopnað leyniþjónustustofnanir okkar,“ sagði Obama. Starfsemi þeirra sé nauðsynleg til að tryggja öryggi þjóðarinnar og bandamanna hennar.

Hins vegar viðurkenndi hann að viðtækar njósnir, á borð við söfnun upplýsinga um símanotkun ein-



BARACK OBAMA Bandaríkjaforseti kynnti í gær þær breytingar sem gerðar verða á starfsemi leyniþjónustunnar.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

staklinga, bjóði því heim að þær upplýsingar verði misnotaðar. Því þurfi að tryggja að þær verði ekki misnotaðar.

„Þetta verður ekki auðvelt,“ sagði hann um það verkefni, sem hann hefur nú falið dómsmálaráðherra sínum og leyniþjónustuforingja Bandaríkjanna, nefnilega útfærsluna á því hvernig geyma eigi gagnasöfn leyniþjónustunnar án þess að hún hafi beinan aðgang að þeim.

Breytingarnar sem hann kynnti ganga engan veginn jafn langt og gagnrýnendur Bandaríkjanna hafa krafist, og blaðamaðurinn Glenn

Við getum ekki einhliða afvopnað leyniþjónustustofnanir okkar.

Barack Obama, forseti Bandaríkjanna

Greenwald, sem hefur komið skjölunum frá Snowden á framfæri við fjölmiðla, sagði þær ekkert annað en yfirlýkt: „Í raun er þetta bara ímyndarfevrun, ákveðin aðferð við að róa almenning og láta hann halda að gerðar verði umbætur án þess að neinar séu gerðar í reynd,“ sagði hann í viðtali við fréttastofu Al Jazeera. gudsteinn@frettabladid.is

Sýrlandsstjórn sýnir lit fyrir friðarviðræður í næstu viku:

Býður vopnahlé og fangaskipti

SÝRLAND, AP Walid al Moallem, utanríkisráðherra Sýrlands, segir stjórnvöld þar tilbúin að hrinda í framkvæmd vopnahléi í borginni Aleppo, þar sem langvarandi og hörð átök hafa geislað milli stjórnarhersins og uppreisnarmanna.

Jafnframt sé stjórnin reiðubúin að skiptast á fongum við uppreisnarmenn.

Þetta sagði ráðherra í Rússlandi, þar sem hann hittir Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, í gær.

Hann sagðist hafa útvegað Lavrov hugmyndir um útfærslu vopnahlés og fangaskipta, en það Rússa um að tryggja að af þessu geti orðið.

Rússar hafa þrýst á Sýrlandsstjórn að sýna lit fyrir friðarviðræður, sem eiga að hefjast í næstu viku.

Óvíst er þó enn um þátt-



UTANRÍKISRÁÐHERRA SÝRLANDS OG RÚSSLANDS Walid al Moallem og Sergei Lavrov hittust í Rússlandi í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

töku helstu samtaka sýrlenskra stjórnarandstæðinga og uppreisnarmanna í þeim viðræðum, en Vesturlönd hafa verið að reyna að fá þá til að vera með.

Rússar hafa staðið þétt við bakið á Sýrlandsstjórn og þeim tókst í haust að fá hana til að fallast á að losa sig við eiturefnavopn sín.

-gb



NYTT

Mjúkís

Ís ársins 2014



Komdu þér í mjúkinn

Biðin er á enda. Mjúkís ársins 2014 er loksins kominn í verlanir. Dúnmjúkur undir tönn, bragðmikill og blandaður með kökum og kremi að amerískum sið. Verði ykkur að góðu.

Riiiiiiiiisa ÚTSALA

Í FULLU
FJÖRI

ALLIR
PÚÐAR
40%
AFSLÁTTUR

20-60%
AFSLÁTTUR

ÖLL
SMÁVARA

LA Z BOY

LA-Z-BOY
20-30%
AFSLÁTTUR



125.990
FULLT VERÐ: 179.990

PINNACLE
La-Z-boy stóll.
Fæst í fjórum litum.
B:80 D:85 H:104 cm.



FÉLIX Hnífaparasett
frá LeBrun
Bæði fáanlegt satin og glans.
24 stk. í kassa

9.990
FULLT VERÐ: 14.990

30%
AFSLÁTTUR



28%
AFSLÁTTUR

KATO Hornsófi með tungu. Ljós- og dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 320 x 223 Tunga 163 H: 81 cm. Hnakkapúðar seldir sér.

249.990
FULLT VERÐ: 349.990

34%
AFSLÁTTUR

DALLAS BARSTÓLL
Hvitt, brúnt og svart leður
Krómfætur

15.990
FULLT VERÐ: 23.990



DUMPLING
BARSTÓLAR
Rautt, hvítt og
svart leður
Krómfætur

BLASE BARBORD
Hvitt.
Krómfætur
22.990
FULLT VERÐ: 34.990



11.190
FULLT VERÐ: 15.990

30%
AFSLÁTTUR

MATHILDE BARSTÓLL
Rautt, hvítt og svart leður
Krómfætur

18.990
FULLT VERÐ: 27.990



ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

SÓFAR | SÓFASETT | HÆGINDASTÓLAR |
SÓFABORÐ | BORÐSTOFUBORÐ |
BORÐSTOFUSTÓLAR | SVEFNSÓFAR |
BORÐSTOFUSKÁPAR |
BAKBORÐ | HORNBORÐ |
PÚÐAR | DÚKAR |
SMÁVARA |
O.FL. | O.FL. | O.FL.



IDdesign

LA Z BOY

Broyhill

LAUREN
RALPH LAUREN

%
R



20%
AFSLÁTTUR

Umbria sófar eru fáanlegir í ótal útfærslum. 2ja og 3ja sæta, hornsófar með og án tungu. Þeir eru fáanlegir bæði í ákæði og leðri og mörgum litum.
Umbria sófalínan nú með 20% afslætti.



20%
AFSLÁTTUR

215.990
FULLT VERÐ: 269.990

BRIGHTON 3ja sæta sófi.
Leður svart, brúnt og koniak.
« 2ja sæta 150 x 80 H: 80 cm.
3ja sæta 208 x 80 H: 80 cm. »

255.990
FULLT VERÐ: 319.990



20%
AFSLÁTTUR

207.920
FULLT VERÐ: 259.990

DC 3600 3ja sæta sófi.
Koniaksbrúnt leður.
« 2ja sæta 143 x 82 H: 85 cm.
3ja sæta 202 x 82 H: 85 cm. »

263.990
FULLT VERÐ: 329.990



60%
AFSLÁTTUR

5.596
FULLT VERÐ: 13.990

JENNY
borðstofustóll
Ljóst slitsterkt áklæði,
svartir viðarfætur.



28%
AFSLÁTTUR

299.990
FULLT VERÐ 419.990

OREGON Opinn hornsófi með tungu. Stærð: B 305 D 265/150
H 88 cm. Atracite grátt áklæði. Krómlappir. Vinstri eða hægri tunga.



50%
AFSLÁTTUR

HIMALAYA
borðstofuborð.
Spónlagt með
hvítri eik.
180 x 90 H: 75 cm
Tvær 45 cm
stækkanir fylgja.

74.995
FULLT VERÐ: 149.990



25%
AFSLÁTTUR

14.990
FULLT VERÐ: 19.990

ANDREW
borðstofustólar.
Brúnt, svart eða
hvítt leður.

0% VEXTIR
HÚSGAGNAHÖLLIN
býður upp á
vaxtalaus lán til
allt að 12 mánaða



Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og myndbrenngi og meðan birgðir endast.



.....

VERÐBÓLGAN ER DÝRKEYPT.
STÖNDUM SAMAN. HÖLDUM AFTUR AF
VERÐHÆKKUNUM, AUKUM KAUPMÁTT
OG TRYGGJUM STÖÐUGLEIKA.

.....



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



BSRB



Alþýðusamband Íslands



STJÓRNARRÁÐ ÍSLANDS

Af „Hörpu-kryddsíld“

MENNING



Órnólfur Hall arkitekt

Svar hefur borist frá Ástríði Magnúsdóttur verkefnastjóra vegna gagnrýnispistils míns á sérsniðna Hörpumálþing.

Í fyrirspurn á vef A.Í. til aðstandenda málþingsins spurði ég hvort rétt væri að gagnrýnendur Hörpu (t.d. undirritaður o.fl. kollegar) mættu ekki bera fram fyrirspurnir á þinginu?

Á.M. svarar þar að það sé rétt skilið hjá mér og að Hjálmar Sveinsson stjórn umræðum og þeir sem tali séu gestir hringborðsins.

Í Fréttablaðinu 16. janúar segir hún að þetta eigi að vera eins konar „Kryddsíldar“-þáttur með sjónvarpsuppstillingu þar sem stjórnandi spyr og áhorfendur fá að fylgjast með hljóðir út í sal.

Það er löngu orðið tímabært að haldið verði alvörumálþing um Hörpu þar sem öll sjónarmið Hörpuskuldara fá að koma fram, m.a. heildarkostnaðurinn frá A-Ö, líka þeir þættir sem er ósvarað.

Tveggja tíma „kryddsíldar“-þáttur um Hörpumál er ekki nóg!

→ Það er löngu orðið tímabært að haldið verði alvörumálþing um Hörpu...

UMMÆLI VIKUNNAR 11.1.2014 → 17.1.2014



„Þá myndi utanríkisráðherra tryggja að skoðanabræður hans séu í nefndum og ráðum.“

Ásmundur Einar Daðason, þingmaður Framsóknarflokks, lýsti því sem myndi gerast ef haldið yrði áfram ESB-viðræðum.

Stoltur að Latibær sé íslenskt hugvit

Latibær verður tuttugu ára á árinu og á þeim tíma hefur mikið vatn runnið til sjávar. Á þessum tveimur áratugum hefur Latibær farið frá því að vera hugmynd á blaði til þess að festa sig í sessi sem vörumerki heilsu og skemmtunar og hreyft börn um allan heim.



Magnús Scheving stofnandi Latibæjar

Þó svo að í dag framleiði Latibær ekki aðeins sjónvarpsefni heldur leiksýningar, bækur, tónlist og taki þátt í heilsuáttaki með ríkisstjórnnum um allan heim, þá byggir sá árangur á stóðum sjónvarpsþáttanna, íslensku hugviti sem var hrint í framkvæmd af íslensku kvikmyndagerðarfólki. Þættir sem hafa verið tilnefndir til og hlotið miklar viðurkenningar á alþjóðavettvangi, má þar nefna BAFTA-, EMMY- og Edduverðlaun og eru orðnir að þekktu vörumerki sem nær til 500 milljóna heimila í 170 löndum.

Því miður á kvikmynda- og sjónvarpsgerð í landinu undir högg að sækja. Í núverandi fjárlagafrumvarpi er lagt til að skorið verði

umtalsvert niður til kvikmyndagerðar og hefur það veruleg áhrif á framleiðslu sjónvarpsefnis. Frá því að Latibær var fyrst settur á fót 1994, hefur hann skapað mörg hundruð störf á Íslandi og gegnt stóru hlutverki við þróun og eflingu íslensks kvikmyndaíðnaðar, þ.m.t. með rekstri kvikmyndavars í Garðabæ síðan 2004. Þeir einstaklingar sem

starfað hafa hjá fyrirtækinu hafa fengið þjálfun og þekkingu á sviði sjónrænnar tölvuvinnslu, tæknitöku, hljóðs, búningagerðar, leikmyndar, svo fátt eitt sé nefnt. Fjölmargir stígu sín fyrstu skref í þessum iðnaði á Íslandi hjá Latibæ. Margir þeirra sinna enn innlendri framleiðslu af miklum mót og hafa skapað sér sess í fremstu röð meðal kvikmyndagerðarfólks í heiminum. Þau fjölmörgu erlendu kvikmyndaverkefni sem hingað koma bera vitni um það.

Hátið í skugga niðurskurðar Án stuðnings iðnaðarráðuneytisins hefði Latibær aldrei verið fram-

leiddur á Íslandi og sá ávinningur sem hlotist hefur af verkefninu í formi þekkingar, tekna og afleiddra starfa hefði ekki skilað sér til landsins. Í 20 ár hefur Latibær skapað yfir 100 ársverk að meðaltali í föstum eða afleiddum störfum og á síðustu tveimur og hálfu ári hafa 4,5 milljarðar króna komið inn í íslenska hagkerfið vegna framleiðslu þáttanna. Það er ein stærsta erlenda fjárfestingin á Íslandi á þessu tímabili. Þó að sýnt hafi verið fram á með ótvíræðum rannsóknarniðurstöðum að skapandi greinar skili margfalt meiru til baka en lagt er til af ríknu, þá er enn þrengt að iðnaðinum sem gegnir stóru hlutverki í íslensku atvinnu- og menningarlífi og er virkasti menningarmiðill okkar tíma.

Í skugga niðurskurðarins heldur íslenska kvikmynda- og sjónvarpsakademían uppskeruhátíð sína, Edduna. Eins og það var mikilvægt fyrir okkur í Latibæ að fá stuðning iðnaðarráðuneytisins, nutum við einnig góðs af því að vera útnefnd til Edduverðlauna þegar við stigum okkar fyrstu skref. Við erum mjög stolt af því að hafa unnið heiðurs-

→ Í 20 ár hefur Latibær skapað yfir 100 ársverk að meðaltali...

verðlaun ÍKSA (Íslensku kvikmynda- og sjónvarpsakademíunnar) á sínum tíma og gat Latibær nýtt sér þann byr sem verðlaunin veita.

Í fyrra kom út þriðja þáttaröðin um lífið í Latibæ og hafa þættirnir nú þegar verið seldir til rúmlega 120 landa. Latibær er mest sýnda íslenska sjónvarpsefni allra tíma og því eðlilegt að við eftirlátum öðrum að nýta þann stökkpall sem Eddan getur verið og höfum því ákveðið að gefa ekki kost á okkur til forvals Eddunnar.

Ég vil nota tækifærið og þakka öllu því fólki sem komið hefur að gerð þáttanna um Latibæ í gegnum tíðina, óska öllum þátttakendum Eddunnar velfarnaðar og velgengni á komandi hátíð og ég vil trúa því að allir þeir nýliðar sem sitja á þingi og í ráðherrastólum sjái þann ótvíræða hag þess að styðja við atvinnugreinina og endurskoði framlög sín til íslenskrar kvikmyndagerðar.

Eitt barn er einu barni of mikið – fátæk börn

Öll börn eiga alþjóðlega viðurkenndan rétt á því að þeim sé gert kleift að búa við viðunandi lífs-skilyrði sem hafa jákvæð áhrif á þroska þeirra. Með því að samþykka alþjóðlega mannréttindasamninga á borð við barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem nú hefur lagagildi á Íslandi, hefur ríkið undirgengist skyldur gagnvart öllum börnum hér á landi. Íslenska ríkið þarf því að finna leiðir til að öll börn geti lifað með reisn og hlýtur að hafa að markmiði að útrýma barnafátækt á Íslandi.

Eitt fátækt barn á Íslandi er einu fátæku barni of mikið. Á Íslandi á að vera nóg fyrir alla. Við þurfum að breyta aðferðum okkar við að vinna bug á fátækt,

SAMFÉLAG



Þóra Jónsdóttir lögfræðingur og verkefnastjóri hjá Barnaheillum – Save the Children á Íslandi.

því þær hafa ekki virkað sem skyldi. Aðferðirnar hafa einkennst af, og tekið mið af mælingum á skorti, en ekki mælingum á gæðum, eins og fjallað er um í skýrslunni Farsæld – Baráttan gegn fátækt á Íslandi sem Hjálparstarf kirkjunnar og Rauði krossinn í Reykjavík gáfu út árið 2012. Þar er meðal annars mælt með að unnið verði með mat á virkni fólks í stað mats á skerðingu. Þetta sjónarmið styðja Barnaheill – Save the Children á Íslandi og telja að ekki eigi að nálgast verkefnið út frá skorti, því með því styrkjum við þá hugmynd fólks að það sé fast í þeirri stöðu að búa við fátækt. Þannig einblínum við einnig um of á þá hugsun að eitthvað skorti.

Ekki náttúrulögmál

Viðhorfsbreytingar þurfa að eiga sér stað og mun heppilegra væri að nálgast verkefnið út frá því hvornig sé mögulegt að auka lífsgæði þeirra sem búa við fátækt. Með því móti er mögulega hægt að opna augu fólks fyrir því að það getur haft áhrif á stöðu sína, mismikil en þó einhver. Fátækt er ekki náttúrulögmál. Með nægum stuðningi umhverfisins, félagslegum, menningarlegum og efnahagslegum, sem og vilja einstaklingsins er hægt að brjótast út úr langvarandi fátækt.

Það er auðvitað ekki eingöngu í verkahring og á ábyrgð ríkisins að útrýma slíkum vanda sem fátækt er, þó að ábyrgð þess sé rík. Við sem samfélag getum breytt miklu og ættum að líta á það jákvæðum augum að styðja með beinum og virkum hætti við þá sem þarfnast stuðnings. Börn sem búa við fátækt

→ Sameinumst um að búa börnum á Íslandi uppbyggjandi og vinsamlegt umhverfi.

á Íslandi eiga mörg hver foreldra eða forsjáradila sem þarfnast vináttu og hvatningar frá samfélaginu öllu til að öðlast þá trú að þeir geti breytt stöðu sinni, þannig að af hljótist betri líðan og aukin velferð. Til að mynda getur skólakerfið eða aðrar stofnanir samfélagsins nýst okkur sem vettvangur til að sýna stuðning í verki.

Sameinumst um að búa börnum á Íslandi uppbyggjandi og vinsamlegt umhverfi með því að gefa kost á að vera þeim og fjölskyldum þeirra virkur stuðningur. Það kostar ekkert að gefa sér tíma í samtal, hvort sem er við barn eða hinn fulloröna, en getur breytt lífi barns til betri vegar.

Komdu Gerðu betri bilakaup!

NOTADIR BÍLAR MIKIÐ ÚRVAL

Verð: 990.000 kr.
Citroën C3 SX K148
Skráður mars 2007, 1,6i bensín, sjálfsk.
Ekinn 103.000 km.

Tilboð: 1.090.000 kr.
Nissan Primera Acenta VE638
Skráður október 2005, 1,8i bensín, sjálfsk.
Ekinn 115.000 km.
Ásett verð: 1.290.000 kr.

Verð: 1.690.000 kr.
Ford Ka Trend + 1A215
Skráður maí 2013, bensín, beinskriptur
Ekinn 29.000 km.

Tilboð: 4.190.000 kr.
Ford Kuga Titanium S AWD TKV42
Skráður apríl 2012, 2,0TDCI dísil, sjálfsk.
Ekinn 71.000 km.
Ásett verð: 4.660.000 kr. [ábyrgð]

Tilboð: 2.590.000 kr.
Mazda3 Advance UZR99
Skráður mars 2013, 1,6Di dísil, beinsk.
Ekinn 35.000 km.
Ásett verð: 2.750.000 kr. [ábyrgð]

Fylgstu með á **FACEBOOK**
Notadir bílar - Brimborg
Tilboðsbílar fara beint á Facebook!

FINNDU BÍLINN PINN Á
NOTADIR.BRIMBORG.IS
TÖKUM ALLAR GERÐIR BÍLA UPPÍ!

NOTADUR UPP Í NOTADAN!
Við tökum notaða bílinn þinn uppí á hagstæðu verði og þú getur fengið millgjöfina lánaða - möguleiki á engri útborgun.

BÍLALÁN
ALLT AÐ 100% EJÁRMÖGNUN

50 ár í þýðningu
brimborg
Öruggur staður til að vera í

Skoðuðu úrvalið á
NOTADIR.BRIMBORG.IS

Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050



Reitir starfa í takt við nágrenni sitt

Reitir eru stærsta fasteignafélag landsins á sviði útleigu atvinnuhúsnæðis. Við leigjum út yfir 130 eignir af öllum stærðum og gerðum um allt land. Við leggjum okkur fram við að vanda framkvæmdir og tókum mið af nágrenni okkar þegar við byggjum eða breytum því sem fyrir er, þannig sjáum við til þess að þinn vinnustaður sé í takt við umhverfi sitt.

Kringlan 4-12

103 Reykjavík

www.reitir.is

575 9000

REITIR

Velkomin til starfa

HELGIN

Tryggvi Gunnarsson, leikari og leikstjóri Drykkjuvísur og djamm

„Ég verð eitthvað að vinna á Loft-Hosteli í Bankastræti en svo erum við bræðurnir í Bartónum, karlakór Kaffibarsins, að byrja nýtt ár með því að borða saman, drekka bjór og syngja ættjarðarljóð og drykkjuvísur. Svo hef ég verið með Stúdentaleikhúsið á námskeiði. Við erum að fara að setja upp sýningu sem fjallar um íslenska djammíð í Reykjavík og erum að fara í ákveðna rannsóknarvinnu um helgina!“



Guðrún Snæfríður Gísladóttir leikkona Horfir í kringum sig

„Það fer allt eftir því hvort ég kemst út úr bænum. Í öllum tilfellum ætla ég að horfa í kringum mig.“



Andrea Ólafsdóttir, fyrirverandi forsetaframbjóðandi Afmæliskaffi

„Eftir yndislegt kvöld yfir skrafla með eiginmanninum ætla ég í kaffiböð í dag ásamt fleiri fyrirverandi stjórnarmönnum Hagsmunasamtaka heimilanna í tilefni fimm ára afmælis samtakanna.“



Andri Ólafsson, bassaleikari í Moses Hightower Addar fólki á Myspace

„Ég ætla að klára horfa á aðra seríu af Bachelorette og svo hugsa ég að ég addi fullt af fólki á Myspace, af því að ég þarf að krydda aðeins upp á félagslífið, sem hefur verið heldur fábrotið hingað til.“



RITHÖFUNDURINN Einar Már ætlar að segja frá. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Í Norræna húsinu

Sögur og söngur

Tökum lagið Samkoma verður á vegum dansk-íslenska félagsins á morgun, sunnudag, í Norræna húsinu. Einar Már Guðmundsson rithöfundur talar þar um kynni sín af dönsku menningarlífi og Borgbór Kjærsted fjallar um dagbækur Kristjáns konungs tíunda.

Einnig verður kórsöngur og almennur söngur.

Samkoman hefst klukkan 14. Aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir.



PÓRUNN VALA Hún hóf tónlistarnám á unga aldri.

Pórunn Vala

Debúterar í Hörpu

Söngur Pórunn Vala Valdímarsdóttir sópran syngur á sínum fyrstu stóru einsöngstónleikum í Kaldalóni í Hörpu á morgun, sunnudag klukkan 20. Þar flytur hún ljóðaflokkinn Frauenliebe und Leben eftir Schumann og aríur eftir Scarlatti, Caccini, Händel og Mozart við meðleik strengjakvartetts.

Pórunn Vala útskrifaðist frá Tónlistarháskólanum í Utrecht í Hollandi 2012. Hún hefur víða komið fram, bæði í virtum kórnum og sem einsöngvari hérlendis og erlendis.

-gun



BARA BYRJUNIN Böðvar Reynisson, einn eigenda Hendrix, boðar bjarta tíma í karaókimenningu þjóðarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Áhugasöngvarar sameinast á Íslandsmóti í karaókí í kvöld

Íslandsmót í karaókí fer fram á skemmtistaðnum Hendrix um helgina. Böðvar Reynisson, einn eigenda Hendrix, ætlar að lífga upp á karaókímenningu á Íslandi. Yfir tólf þúsund lög eru í boði fyrir keppendur.

Gunnar Leó Pálsson

gunnarleo@frettabladid.is

„Það verður öllu tjaldað til og ég reikna ég með að flestar, ef ekki allar helstu karaókí-íkjörur landsins mæti,“ segir Böðvar Reynisson, einn eigenda skemmtistaðarinnar Hendrix sem stendur fyrir Íslandsmóti í karaókí í kvöld. Á staðnum er kominn einn flottasti karaókí-búnaður sem sést hefur á landinu og syngur þáttakandiinn í gegnum sama hljóðkerfi og stærstu sveitir og dj-ar landsins sem skemmta á staðnum nota. Þá verður ekkert til sparað í ljósa-dýrð svo söngvarinn verður svo

sannarlega í sviðsljósinu.

„Ég hef talað við nokkrar af skærustu stjörnum karaókí-bransans á Íslandi en hann er nokkuð stór á heimsvísu,“ segir Böðvar sem gerir ráð fyrir mikilli og skemmtilegri keppni í kvöld. Eins og flestir vita þá koma oft í ljós leyndir hæfileikar þegar í karaókí er komið og er Böðvar sannfærður um að fjöldi hæfileikaríkra einstaklinga komi fram á sjónarsviðið í kvöld.

Karaókí hefur lítið verið stundað á staðnum hingað til en gert er ráð fyrir breytingu í þeim efnum með tilkomu nýju karaókígræjanna. „Þetta á eftir að stækka í framtíðinni, það er

alltaf erfitt að byrja svona og það tekur tíma að víkka flóruna. Það er svo mikið af hæfileikaríkum karaókísöngvurum þarna úti.“

Yfir 12.000 lög eru í boði sem stendur og bætist stöðugt á laga-listann. „Stærsti hluti laganna er erlendur en Birgir Jóhann Birgisson, sem gerði garðinn frægan með hljómsveitunum Sálinni hans Jóns míns, Hvar er Mjallhvít? og Þúsund andlitum, vinnur nú hörðum höndum að því að búa til karaókíútgáfur af íslenskum lögum,“ útskýrir Böðvar.

Stefnt er að því að gera karaókíviðburði algengari á staðnum. „Þetta verður haldið reglulega en það þarf auðvitað

”Ég hef talað við nokkrar af skærustu stjörnum karaókíbransans á Íslandi.“

bara að byrja á byrjuninni og krýna fyrsta Íslandsmeistarann svo við getum haldið áfram. Þetta er þéttur en þröngur hópur og karaókíbransinn er svoltið klíkukennundur en við ætlum að brjóta þetta aðeins upp.“

Íslandsmótið hefst klukkan 22.00 og kostar ekkert að taka þátt. Hendrix er til húsa á Stórhöfða 17 við Gullinbrú.

gunnarleo@frettabladid.is

Samspil Ásmundar og listamanna nútímans

Á sýningu sem opnuð verður í Ásmundarsafni í dag eru samtímaverk níu listamanna ásamt abstraktverkum Ásmundar Sveinssonar (1893-1982) frá sjötta áratug síðustu aldar úr óhefðbundnum efniviði.

„Mörg verkanna eru ný og spila vel á rýmið eins og verkin hans Ásmundar frá sjötta áratugnum.“ Þetta segir Kristín Dagmar Jóhannesdóttir, önnur þeirra sem stjórnar sýningunni. „Ég hef aldrei séð fígúratíft rafmagn“ sem opnuð verður í Ásmundarsafni við Sigtún í dag klukkan 16. Þar er vakin athygli á efnistökum Ásmundar Sveinssonar og samhljómi hans við listamenn í dag.

Níu manns eiga verk á sýningunni, ásamt Ásmundi, það

eru Áslaug Í.K. Friðjónsdóttir, Baldur Geir Bragason, Björk Viggósdóttir, Hagníður Halldórsdóttir, Ingunn Fjöla Ingbórsdóttir, Ragnar Már Nikulásson, Sólveig Einarsdóttir, Þór Sigurþórsson og Þuríður Rós Sigurþórsdóttir. Öll eiga það sameiginlegt að leyfa efni, formi og rými að stýra lokaútkomu verka sinna.

Ásmundur var frumkvöðull í íslenski höggmyndalist og hafði víðtæk áhrif. Hann vann í hefðbundin efni framan af en á síðari

hluta sjötta áratugarins fóru reka- viður og brotajáns að verða áberandi í verkum hans og hann byrjaði líka að huga að rýminu sem umlukti þau. Hann sagði sjálfur: „Ég hef leyft mér að gera non-figúratífa mynd af rafmagninu, því ég hef aldrei séð fígúratíft rafmagn.“ Á morgun fer fram listamannspjall um sýninguna. gun@frettabladid.

EITT VERKANNA Á SÝNINGUNNI
What the world needs now frá 2010 eftir Sólveigu Einarsdóttur.



STÓRMÓT Á STÓRUM SAMSUNG SJÓNVÖRPU

MÁ RÖFLA VIÐ DÓMARANN EF ÞIÐ ERUÐ EKKI SÁTT VIÐ UPPSETT VERÐ



SAMSUNG

9005 LÍNAN
LED SMART TV
ULTRA HIGH DEFINITION
OFURSJÓNVARP · 4K
Stærðir: 65"/55"

SAMSUNG

**ÁFRAM
ÍSLAND!**

7005 LÍNAN
LED SMART TV
Stærðir:
60"/55"/46"



8005 LÍNAN
LED SMART TV
Stærðir:
75"/65"/55"



EISA
AWARD
**Best
Product**
2013-2014
SMART TV
Samsung UE55F8000

**STÓRKOSTLEG
HEIMABIÓSTÆÐA**

5.1 kerfi · 3D · 1000W

Verð áður: 119.900

Tilboðsverð:
99.900

HT-F5530



SAMSUNG SETRIÐ

OPIÐ
LAUGARDAGA
FRÁ KL. 12-16

SÍÐUMÚLA 9 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2900 · samsungsetrid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Norðurljósinn til sölu allar nætur

Hundruð ferðamanna munu fylgjast grannt með skýjafari og veðurspá í dag og vonast eftir góðri norðurljósasýningu í kvöld. Áætla má að ferðamenn borgi um 700 milljónir króna fyrir norðurljósaferðir á ári, en virði norðurljósanna er margfalt meira.

Brjánn Jónasson

brjann@frettabladid.is



Sú saga var sögð Einar Benediktssyni, skáldi og sjálfstæðissinni, til háðungar að hann hafi reynt að selja sjálf norðurljósinn. Hvort sem það er satt eða logið eru norðurljósinn nú orðin ein helsta söluvara ferðaþjónustunnar hér á landi yfir vetrarmánuðina.

Þegar kvöldi tekur krossa hundruð ferðamanna fingurna og vona að skýjafar og aðstæður í himinhvolfunum leiði til þess að hafi skóðað norðurljósinn í skipulögðum norðurljósaferðum á síðasta ári. Það er mat stjórndenda fyrirtækja í ferðaþjónustu sem Fréttablaðið hefur rætt við. Hvorki Ferðamálastofa né Samtök ferðaþjónustunnar halda utan um fjölda slíkra ferða.

Fjórir af hverjum fimm sem fara í ferðir ferðir fara með öðru hvoru af stóru rútuferðum sem bjóða upp á norðurljósaferðir. Restin dreifist á vel á annan tug fyrirtækja sem bjóða ýmis konar aðra upplifun samhliða leitinni að norðurljósunum.

Borga 700 milljónir fyrir ferðir
Miðað við verðskrár fyrirtækjanna má áætla að ferðamennirnir greiði um 700 milljónir króna fyrir ferðirnar. Erfitt er að áætla það með mikilli nákvæmni þar sem flest fyrirtækin bjóða þeim sem fara í ferðir og sjá ekki norðurljós að fara

í aðra ferð án endurgjalds. Verðmæti norðurljósanna er þó margfalt meira fyrir íslenska þjóðarbúið en þær 700 milljónir sem ferðamennirnir greiða fyrir ferðirnar á ári, og varlega áætlað eru þær tölur fljótar að komast í milljarða króna.

Michael Raucheisen, markaðsstjóri Icelandair í Bandaríkjunum, segir að norðurljósinn séu orðin eitt helsta aðdráttarafl Íslands yfir vetrartímanna fyrir Bandaríkjamenn. „Eftir að NASA, Geimferðastofnun Bandaríkjanna, spáði því að virkni norðurljósanna árin 2013 og 2014 yrði sú mesta í meira en áratug hafa Bandaríkjamenn flykkst til staða þar sem hægt er að sjá norðurljósinn,“ segir Raucheisen.

Hann segir Ísland vinsælan áfangastað þeirra sem vilji sjá norðurljósinn vegna legu landsins. Áætla megi að milli 35 og 40 prósent Bandaríkjamanna sem komi hingað á þessum tíma komi sérstaklega til að sjá norðurljósinn.

„Norðurljósinn eru besta söluvaran fyrir Ísland á veturna,“ segir Ragnar Lövdal, eigandi Superjeep.is. Hann bendir á að ferðamennirnir kaupir gistingu, mat og ýmis konar aðrar ferðir og þjónustu. Virði norðurljósanna fyrir Ísland sé því margfalt meira en þær milljónir sem ferðamennirnir borgi fyrir norðurljósaferðirnar sjálfar.

Ekki hefur enn verið gerð tilraun til að meta raunverulegt andvirði norðurljósanna, að því er Fréttablaðið kemst næst. Með aðferðum hagfræðinnar er hægt að leggja mat á virði ýmis konar gæða, hvort sem það er virði þess að halda hálendinu ósnortnu, eða virði þess að leggja göng undir fjörð frekar en að brúa hann.

„Það er eflaust hægt að leggja mat á verðmæti norðurljósanna,“ segir Gylfi Magnússon, dósent við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands. Hann segir það þó fráleitt

einfalda útreikninga. „Það þyrfti að leggja mat á tekjur af ferðamönnum. Inni í því þyrfti að vera mat á því hversu margir koma hingað vegna norðurljósanna, hvað þeir eyða miklu og hve mikið situr eftir. Ég hef engar tölur til að byggja það á,“ segir Gylfi.

„Við það þyrfti að bæta því sem er enn erfiðara, það þyrfti að meta til fjár þá ánægju sem við heimamenn höfum af norðurljósunum, sem er sjálfsagt eitthvað. Það er eins og að meta verðmæti þess fyrir Reykvíkinga að horfa á Esjuna, það er frekar erfitt að meta það til fjár.“

Aukning en enginn veit hve mikil


„Allir sem koma til Íslands yfir vetrartímanna vilja sjá norðurljósinn,“ segir Sigríður Gunnarsdóttir, sölu- og markaðsstjóri hjá Iceland Travel. Hún segir að jafnvel þó ferðamenn komi hingað til að sitja ráðstefnur eða fundi gefi þeir sér oft tíma til að fara í ferðir til að reyna að sjá norðurljósinn.

Upplifun þeirra stjórndenda ferðaþjónustufyrirtækja sem Fréttablaðið hefur rætt við var sú að mikil aukning hafi verið í sölu norðurljósaferða á síðustu árum. Hversu aukningin er mikil er engin leið að segja til um, enda enginn sem heldur utan um slíkar upplýsingar.

Þó að vel á annað þúsund ferðamanna leggi af stað út í myrkríð til að skoða norðurljósinn á góðu kvöldi í Reykjavík er sá mikli fjöldi þó frekar undantekning en reglan. Á venjulegu kvöldi má áætla að um 200 fari í slíkar ferðir, en þegar ekki hefur gefið mörg kvöld í röð safnast saman stærri og stærri hópar þar til ljósinn loksins láta á sér kræla.

Ferðamenn sem fara í norðurljósaferðir koma víða að úr heiminum. Mikið er af Bretum og Bandaríkjamönnum, og Asíubúar láta ekki sitt eftir liggja.

→ **Sjónarspil** Ef meta á verðmæti norðurljósanna þarf ekki bara að meta virði þeirra ferðamanna sem koma hingað til að skoða þau. Einnig þarf að meta hvers virði það er fyrir Íslendinga að geta notið þessa magnaða sjónarspils. Hér sést ljósasýning yfir Elliðavatni. Í baksýn er Elliðavatsbærinn.



→ Einn af hverjum sex nefndi norðurljósinn

Engar rannsóknir hafa verið gerðar á því hversu hátt hlutfall þeirra ferðamanna sem sækja Ísland heim að vetri til koma hingað gagnert til að sjá norðurljósinn. Í rannsókn sem fjallað er um á vef Ferðamálastofu kemur fram að þegar ferðamenn hafi verið spurðir um hvað hafi staðið upp úr eftir ferð til Íslands nefndu 16,1 prósent norðurljósinn, þrátt fyrir að þau sjáist aðeins hluta úr ári. Til samanburðar nefndu 11,2 prósent Geysi eða Strokk, og 10,4 prósent Gullfoss.

Sögur af sölu Einars Ben á norðurljósunum stórlega ýktar



GUÐJÓN FRÍÐRIKSSON



EINAR BENEDIKTSSON

Fræg er sagan af Einar Benediktssyni, skáldi og athafnamanni, um að hann hafi afrekað það að selja sjálf norðurljósinn, eða í það minnsta reynt að selja þau. Guðjón Friðriksson sagnfræðingur, sem gaf út ævisögu Einars segir að eftir því sem hann komist næst sé þetta þjóðsaga.

„Það gengu nokkuð margar sögur um hversu ósvífinn hann væri í viðskiptum. Hann átti að hafa selt jarðskjálfta, og einu sinni átti hann að hafa selt jörðina Þúfu í Ölfusi. Sá sem keypti átti að hafa farið með honum Austur, og þá á Einar að hafa bent honum á litla þúfu. Þetta eru svona þjóðsögur sem gengu um hann,“ segir Guðjón.

„Ein af þessum þjóðsögum var um norðurljósinn, en ég fann hvergi heimildir um þetta, hvenær það kom fyrst upp. Ég gæti alveg eins trúað því að einhver hafi búið þetta til,“ segir Guðjón.

Snjór um víða veröld 2014 – Sunnudaginn 19. janúar

Haldinn hátíðlegur á átta skíðasvæðum



- Frítt fyrir börn í fjallið
- Skíðakennsla
- Kakó í boði

Bláfjöll - Akureyri - Dalvík - Ísafjörður - Oddskarð - Stafdalur - Sauðárkrókur - Siglufjörður

Bláfjöll Reykjavík

- Frítt í fjallið fyrir alla 16 ára og yngri
- Tilboð í skíðaleigu
- Boðið uppá fría skíða og bretta kennslu kl. 14-16 fyrir alla
- Tónlistarviðburðir kl. 14-16
- Frítt kakó fyrir alla
- Pallar og rail verða komin upp og flagga sínu fegursta

Akureyri

- Frítt í fjallið fyrir alla 12 ára og yngri
- Skíðakennsla: Skíðakennsla á vegum SKA kl.12
- Frítt kakó
- 20% afsláttur í skíðaleigunni
- Skíðaratleikur kl.13:-14:30 – Dregið úr þátttöku seðlum kl. 15 – Vegleg verðlaun.
- Frítt k

Dalvík

- Frítt er í fjallið fyrir 18 ára og yngri
- Boðið verður upp á skíðakennslu frá kl. 12:00-14:00
- Kakó í boði
- 30% afsláttur í skíðaleigu

Ísafjörður

- Latibær verður á svæðinu
- Göngubraut á byrjendasvæðinu í Tungudal
- Brettasvæðið opnar
- Troðin göngubraut á Skarðsengi ásamt öllum öðrum kortlögðu brautum
- Bikarmót í göngu á Seljalandsdal kl.11:00
- Frí skíðakennsla á báðum svæðum frá kl. 13:00
- Hóla og ævintýrabraut á báðum svæðum
- Boðið verður uppá íþróttanammi, safa, kaffi og kakó á báðum svæðum
- Tónlist

Oddskarð

- Allir frá frítt í fjallið
- Skíðakennsla fyrir alla
- Kakó í boði

Stafdalur

- Afsláttur af lyftukort
- Skíðakennsla fyrir alla
- Kakó í boði
- Leikir fyrir krakka

Sauðárkrókur

- Frítt fyrir alla 12 ára og yngri í fjallið
- Skíðakennsla
- Kakó í boði

Siglufjörður

- Skíðakennsla
- Leikjabraut
- Allur búnaður gjaldfrjáls
- Kakó í boði



KRÓNAN



- fyrst og fremst
ódyr og snjöll

FRÁBÆRT
VERÐ



ÞORRAMATUR Í MIKLU ÚRVALI



698 kr. pk.
Vestfiskur hákarlateningar, 100 g



3498 kr. kg
Súrhvalur (langreyður)



Þorrabakki
Lambasviðasulta,
súrsaðir hrútsþungar,
hangikjöt og saltkjöt

1789 kr. pk.
Goða þorrabakki, 500 g

Krónan Krónan Krónan Krónan Krónan Krónan Krónan Krónan Krónan Krónan Krónan Krónan Krónan Krónan
Árbæ Bildshöfða Breiðholti Granda Hvaleyrarbraut Lindum Mosfellsbæ Reykjavíkurvegi Vallakór Akranesi Reyðarfirði Selfossi Vestmannaeyjum

EXPO - www.expo.is

Öll verð eru birt með lynnæva um þrennillur og/eda myndabreyngi

LAMBALÆRI FYRIR ÞIG OG ÞÍNA



Piparmarinað



Trönuberja- og eplamarinað



Hvítlauks- og rósmarínmarinað



Ókryddað

1398

kr.
kg

Lambalæri ókryddað eða marinað,
margar tegundir

Blandaðu
í kassann 12 stk.
af þínum uppáhalds
bragðtegundum!

**GOTT
VERÐ**

**50%
afsláttur**



1200 kr. kassinn

Verð áður ~~2388~~ kr. kassinn
Don Simon safi, 12 í kassa,
5 tegundir sem má blanda
saman í kassa!



1073 kr. pk.

Rose bleiur, 3 stærðir



Petta er mjög krefjandi ganga

Pótt **María Pálsdóttir** ætti sér leyndan draum um að verða leikkona þorði hún ekki að leika í menntaskóla. En draumurinn rættist og nú leikur hún eitt aðalhlutverk íslenskra leikbókmennta, kerlinguna í Gullna hliðinu, með Leikfélagi Akureyrar.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Þegar hringt er í María svarar hún símanum í Reykhúsum í Eyjafirði. Ég hvái þegar ég heyri bæjarnafnið og dettur fyrst í hug hangikjöt og bjúgu en átta mig og spyr gáfulega: „Er jarðhiti þarna?“ „Já, já, þetta er samskonar nafngift og Reykjavík,“ svarar María og kveðst vera á æskuslóðum. „Ég fæddist reyndar fyrir sunnan en flutti eins árs með foreldrum mínum hingað í Reykhús sem eru í gamla Hrafnagilshreppnum, gekk í Hrafnagilsskóla fram til sextán ára aldurs og fór svo beint í MA.“

Gekk með veggjum

Eftir stúdentspróf kveðst María fyrst hafa farið að þvælast um heiminn og síðan stefnt að því að verða kennari. En það var á þeim árum sem hún var uppgötvað. „Ég datt inn í leiklistina hálfvænnt. Var svo sem búin að láta mig dreyma og fékk mér einhvern tíma eyðublað fyrir umsókn í leiklistarskólann, fyllti það út en sendi aldrei. Gekk með veggjum í menntaskólanum og þorði ekki að taka þátt í leikstarfseminni. En í Kennó voru Guðný Helgadóttir og Guðlaug María Bjarnadóttir með skemmtilegt námskeið, þær kveiktu í mér og trúðu á mig svo það endaði með að ég sötti um í Leiklistarskólann og komst inn. Kláraði samt Kennó til vonar og vara síðar í fjarnámi þegar ég var í fæðingarorlofi.“

María er búsett í Mosfellsbæ, er hamingjusamlega gift Ólafi Ingimarssyni bækunarsskurðlækni og þau eiga þrjú börn, ellefu og sjö ára stráka, Ulf og Bessa, og dótturina Sigríði Birnu, fimm ára. En fjölskyldan hefur verið tvístruð frá því um miðjan nóvember, að undanskildum hátíðunum, því María hefur verið að æfa sig í að vera kerling fyrir norðan. Hún leikur hana nefnilega í afmælisýningu Leikfélags Akureyrar, Gullna hliðinu, sem frumskýnd var í gær og framundan eru sýningarhelgar, væntanlega fram yfir páska. Hún kveðst hafa tekið dótturina með norður,

„Svo tók steininn úr þegar leikstjóri mætti frá Litháen sem sagðist bara ekki geta unnið með konum, þær hefðu svo kynferðislega örvandi áhrif á hann.“

LEIKKONAN „Maður finnur sér alltaf eitthvað að gera,“ segir María, sem fyrir utan að leika stórt hlutverk í Gullna hliðinu undirbyr nýtt uppstand með Pörupiltum. MYNDAUÐUNN

plantað henni í leikskóla á svæðinu og hún uni hag sínum hið besta. „Það gengur ótrúlega vel hjá þeim feðgum líka,“ segir hún. „Ég er svo heppin að eiga svona skilningsríka og frábæra fjölskyldu, allir hafa hjálpað til,“ bætir hún við.

Hugsandi yfir kerlingunni

En hvernig finnst María að leika kerlingu, kornungri konunni? „Ég var nú aðeins hugsandi yfir því fyrst,“ viðurkennir hún. „Fannst ég heldur ung. En svo ef maður spáir í það þá var meðalaldur fólks áður fyrir ekkert ýkja hár. Konur voru útslitnar um fimmugt og fólk almennt aðframtómið af vinnu og vösbúð þannig að ég hugsa að ég væri orðin kerling nú ef ég hefði verið uppi þá. Auðvitað hefur þetta oftast verið leikið af mun eldri leik-

konum, nema þegar Hilmir Snær setti þetta verk upp um aldamótin síðustu. Þá lék Edda Heiðrún kerlinguna og var ábyggilega ekki eldri en ég er núna. Kerlingin má nú heldur ekki vera komin að fótum fram því hún þarf að klöngrast með sálina hans Jóns síns upp í mót um urð og grjótt til að komast að gullna hliðinu. Egill Ingibergsson galdramaður sér um leikmynd og lýsingu og hann er búinn að gera alveg stórkostlega flotta klifurleið handa mér, það stofufugólfíð fer bara upp í eitthvert þverhniði og þetta er mjög krefjandi ganga. Ég er búin að vera bara í ókeypis líkamsrækt allt æfingátímabilið sem hefur staðið frá því um miðjan nóvember, nema hvað við fengum gott jólafrí.“

Er þetta klassísk uppfærsla á Gullna hliðinu? „Það held ég geti seint talist. Samt er fallett hvað Egill Heiðar leikstjóri er trúur hinum horfna heimi. Það er það stofu loft og þar er verið að segja okkur sögu. Stúlkur úr hljómsveitinni Evu, þær Jóhanna Vala Höskuldadóttir og Sigríður Eir Zophoníadóttir, sjá um músíkina og nota bæði tónlist úr verkinu og taka líka fleiri ljóð Davíðs Stefánssonar og semja ný lög við þau. Þær mynda frábæra umgjörð um verkið og segja okkur söguna um kerlinguna sem tekst á hendur mikið ferðalag, þegar maðurinn hennar hefur kvatt þetta líf. Egill hefur stytta verkið og snúið aðeins uppá það og það gæti komið einhverjum á óvart hvernig leikar skipast við hlið Lykla-Péturs.“

Stelpurnar á varamannabekk

Eins og fram hefur komið er María hagsvön fyrir norðan og hlutverk kerlingarinnar er ekki það eina sem sést hefur til hennar á sviði þar. Fyrsta veturinn eftir útskrift úr Leiklistarskólannum lék hún með Leikfélagi Akureyrar, debúteraði í Klukkustrengjum eftir Jökul Jakobsson haustið 1999. Svo komu Blessuð jólin eftir Arnmund Ernst Backman og eftir áramót leikstýrði Viðar Eggertsson Tobacco Road þar sem María fékk að leika fátæka, hlogóma stelpu sem átti dálítið bágt. „Þetta var skemmtilega fjölbreyttur vetur. Ég var samt ekki tilbúin að festa mig, þó ég hefði fengið fast-ráðningu hér, þannig að ég fór eftir þennan vetur til Finnlands í framhaldsnám í leiklist í sænskumæl-



andi deild til að ná mér í masters-próf.“

Í kjölfar námsins í Finnlandi var María með í að stofna leikhópin Subfrau ásamt öllum norrænu bekkjarsysturum. Hann kom þrisvar til Íslands. „Þetta var kynjamíðaður hópur. Það var dálítið eldfimt ástand þarna í skólann þegar ég kom. Stelpurnar búnar að fá upp í kok af karlaslugsíðunni í leikritum. Það var Hamlet og Pétur Gautur og það var þessi karlinn og hinn karlinn og þær fengu aldrei að láta ljós sitt skína. Svo tók steininn úr þegar leikstjóri mætti frá Litháen sem sagðist bara ekki geta unnið með konum, þær hefðu svo kynferðislega örvandi áhrif á hann. Við vorum því látnar sitja á varamannabekki og hann lék sér úti á gólfi með strákunum. Um jól leist mér svo illa á þetta að ég var að hugsa um að hætta en eftir áramótin kom til okkar kona með dragnámskeið. Hún fann stemninguna í hópnum og hvatti okkur stelpurnar áfram, lét okkur leika hitt kynnið, stúdera það og pæla í því og gaf okkur mikinn kraft. Það var gaman að leika stráka en jafnframt vorum við mjög fegnar að vera konur. Í kjölfarið stofnuðum við þennan leikhóp og hann starfaði í tíu ár en ég var ekki með í öllum sýningunum vegna anna og barn-eigna.“

Pörupiltar með kynfræðslu

Nú þarf María aðeins að fá frí frá símtólinu til að greiða úr flækju. Hár einnar barbidúku á heimilinu er fast í hálsmeni dótturinnar, trú, von og kærleik. En mamma kann ráð við öllu.

Sagan af leikhópinum Subfrau og afrekum hans minnir á að María er einmitt í leikhópinum Pörupiltum, ásamt þeim Alexíu Björgu Jóhannsdóttur og Sólveigu Guðmundsdóttur. Pörupiltar hafa skemmt landsmönnum síðustu vetur með uppstandi í Þjóðleikhúskjallaranum við góðan orðstír. Þar kafa þeir ofan í samskipti kynjanna og skygnast inn í karlmannssálina eins og einhers staðar stendur á netinu. Þar kemur líka fram að sýningin endi í tómrí vitleysu og slagsmálum. María gengst við þessu öllu. „Við vorum með sýningu sem hét HOMO ERECTUS og gekk mun lengur en við bjuggumst við í upphafi. Það endaði með að við fórum með hana

NOKKUR AF VERKEFNUM MARÍU

Kravattkontroll á leiklistarháttíð kvenna í Haparanda/Torneå

Slavar! hjá LA

This is not my body í Berlin og í Borgarleikhúsinu með Subfrau

Svensxa för Dick með Subfrau

Deildarstjóri fræðsludeildar

Þjóðleikhússins 2004-2005

Ófríska konan í **Eldhús eftir máli** í Þjóðleikhúsinu ... (ófrísk að Bessa)

Dragnámskeið fyrir íslenskar leikkonur – Pörupiltar stofnaðir

Verkefnastjóri hjá Borgar-bókasafni Reykjavíkur 2007-2008

Halla í **Halla og Kári** hjá Hafnar-fjarðarleikhúsinu

Bláa gullíð, trúðaleiksýning um vatn, sem sjálfstæður leikhópur skrifaði og lék í samstarfi við Borgarleikhúsið

Fíasól í Þjóðleikhúsinu

Homo Erectus, uppstand Pörupilta í Þjóðleikhúskjallaranum

Hermann hleypur – einleikur frumfluttur á Act alone á Suður-eyri sumarið 2013

í enskri þýðingu til Finnlands á leiklistarháttíð. Það var rosa gaman.“

Nú segir hún þær stóllur vera að hamast við að skrifa fyrir næsta uppstand sem verði um kynfræðslu fyrir tíunda bekk og frum-sýnt í Borgarleikhúsinu 10. febrúar. „Þetta eru svo miklir vitleysingar þessir Pörupiltar og við keyrum á húmornum en viljum opna umræðu um þetta mikilvæga mál,“ segir hún. Það er sem sagt ekkert verið að slá af. „Nei, maður finnur sér alltaf eitthvað að gera.“

En aftur að Gullna hliðinu. María segir að stefni í góða aðsókn. „Mér skilst að miðar rjúki út,“ segir hún. „Höfundurinn, Davíð Stefánsson, var náttúrulega Eyfirðingur og þetta er eitt mest leikna leikrit Íslands-sögunnar en nú eru nokkur ár sem það hefur legið í dvala, að minnsta kosti hjá stóru húsunum. Við megum ekki gleyma því sem við eigum og það var vel við hæfi að taka Gullna hliðið til sýningar á afmælisári bæði Davíðs og Leikfélags Akureyrar.“

Ertu til?



Við leitum að sjálfbodaliðum til starfa í fatabúðum Rauða krossins á höfuðborgarsvæðinu.

Búðirnar eru fjórar:

- Laugavegi 12
- Laugavegi 116
- Mjódd
- Strandgötu 24, Hafnarfirði

Áhugasamir eru vinsamlega beðnir að hafa samband við Rauða krossinn í Kópavogi í síma 554 6626 eða með tölvupósti á sandra@redcross.is



DEBENHAMS

ÚTSALA

ENN MEIRI LÆKKUN

50-70%

AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM ÚTSÖLUVÖRUM

MIKIÐ ÚRVAL AF VÖRUM Á 70% AFSLÆTTI!

70%

AFSLÁTTUR AF
EFTIRFARANDI
ÚTSÖLUVÖRUM:

- Dömu og herra skóm frá: redherring *Mantaray* THE COLLECTION DEBENHAMS
- Húfum, vettlingum og treflum fyrir alla fjölskylduna
- Herra náttslöppum frá: ROCHA. JOHN ROCHA *JASPER* J CONRAN

20%

AFSLÁTTUR AF:

- Öllum nýjum dömuvörum frá: THE COLLECTION DEBENHAMS MAINE NEW ENGLAND

Gerðu lífid skemmtilegra

NÝTT KORTATÍMABIL



Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR



ÚLFURINN Jordan Belfort ekur um á blæjubíl umvafinn fölsuðum seðlum um það leyti sem bókin The Wolf of Wall Street kom út.

NORDICPHOTOS/GETTY

JORDAN BELFORT OG PENINGARNIR

- **12 milljarðar**
Belfort var gert að greiða fórnarlömbum sínum tólf milljarða króna árið 2003. Hann þarf að greiða helming allra tekna sinna til fórnarlamba sinna þangað til skuldin verður greidd. Hann er búinn að greiða um 1,3 milljarða.
- **120 milljónir**
Jordan Belfort fékk greiddar um 120 milljónir króna fyrir kvikmyndaréttinn að bókinni The Wolf of Wall Street.
- **2,5 milljónir**
Sama ár og hann seldi kvikmyndaréttinn borgaði hann aðeins um tveir og hálf milljón til fórnarlamba sinna, sem er langt frá þeim 50 prósentum sem hann á að greiða.
- **100%**
Belfort sagði á Facebook-síðu sinni að peningurinn sem hann fengi fyrir myndina og samnefnda bók renni ekki í hans vasa. Þvert á móti þá renni 100 prósent teknanna í vasa fórnarlambanna.

Vafasamur Wall Street-úlfur

Kvikmyndin **The Wolf of Wall Street** segir sögu verðbréfasalans fyrrverandi, Jordans Belfort, sem Leonardo DiCaprio túlkar á eftirminnilegan hátt. Á tíunda áratugnum tókst Belfort að svíkja ótrúlegar fjárhæðir í gegnum verðbréfafyrirtækið Stratton Oakmont á sama tíma og lífsstíll hann einkenndist af algjöru sukki og svínarí.

Freyr Bjarnason
freyr@frettabladid.is



Nafn mitt er Jordan Belfort. Ef það hljómar kunnuglega er það vegna þess að Leonardo DiCaprio gerði þessa línu fræga í hinni vinsælu mynd The Wolf of Wall Street,“ skrifar Belfort á vefsíðu sinni þar sem hann selur almenningi aðgang að þekkingu sinni, þar á meðal mynddika og einkanámskeið. Hann er greinilega staðráðinn í að nýta sér hina auknu frægd sem myndinni fylgir.

Eins og strengjatrúður

„Þó að „Úlfurinn“ hafi verið ýktur eins og venjan er í Hollywood, er ein staðreynd á hreinu: Mér tókst í raun og veru að finna út hvernig á að fá fólk til að gera hvað sem er,“ heldur Belfort áfram. „En það er bara eitt mikilvægt atriði sem þú verður að hafa í huga: Í röngum höndum er hægt að nota þessar aðferðir til að stjórna viðskiptavinum þínum og fólki sem þú þekkir eins og strengjatrúður... og trúið mér, ég hef gert það,“ skrifar hann en tekur fram að hann vilji að viðskiptavinir sínir noti þekkinguna á siðlegan máta.

Já, Belfort virkar sannfærandi á vefsíðu sinni og er það vafalítið í eigin persónu, ef eitt-hvað er að marka Hollywood-myndina.

Úlfur í sauðagæru

Jordan R. Belfort fæddist í New York í Bandaríkjunum árið 1962. Eftir að hafa hætt við að fara í tannlæknanám ákvað hann að reyna fyrir sér í viðskiptum. Eftir byrjunarörðugleika fékk hann vinnu hjá verðbréfafyrirtækinu L.F. Rothchild og þá fóru hjólin að snúast. Nokkru síðar stofnaði hann sitt eigið fyrirtæki, Stratton Oakmont, þar sem hann beitti klækjum sínum til að fá fjárfesta til að kaupa alls kyns hlutabréf af vafasömum toga. Honum til aðstoðar voru æskuvinir sem hann hafði ráðið í háttsettar stöður.

Fyrirtækið óx hratt og varð þekkt fyrir svokallað „pump and dump“ sem snýst um að skrúfa gengi hlutabréfa upp úr öllu valdi og selja þau síðan á háu verði. Stratton Oakmont varð eitt áhrifamesta verðbréfafyrirtækið á Wall Street og var þekkt fyrir að tryggja ungum, tryggum og lítt menntuðum starfsmönnum sínum, sem kallaðir voru Strattonites, háa launatékka án mikillar fyrirhafnar. Með því að spila á hlutabréfamarkaðinn og að setja fyrirtæki á markað, sem sum hver voru aðeins til á pappírnum, græddi Belfort milljarða króna, meðal annars á Steve Madden Shoes.

Dóp og vændiskonur

Á þessum tíma var lífsstíll hans yfirlægilegur þar sem partí voru á hverju strái. Hann flaug um á einkabotum, sigldi á risastórri snekkju, neytti eiturlyfja og keypti sér þjónustu vændis-

„Í röngum höndum er hægt að nota þessar aðferðir til að stjórna viðskiptavinum þínum og fólki sem þú þekkir eins og strengjatrúður... og trúið mér, ég hef gert það.“

kvenna, eins og lýst er á opinskáan hátt í The Wolf of Wall Street. Önnur kvikmynd og öllu hófstiltari, Boiler Room frá árinu 2000 með Giovanni Ribisi í aðalhlutverki, sótti innblástur í sama efnivið.

Í lok tíunda áratugarins höfðu yfirvöld komið upp um svikastarfsemi Stratton Oakmont og handtóku Belfort. Hann var ákærður fyrir fjársvik og peningapvætti. Eftir að hafa gert samning við bandarísku alríkislögregluna, FBI, var hann dæmdur í fjögurra ára fangelsi fyrir að hafa afvegleitt fjárfesta með þeim afleiðingum að þeir töpuðu stórfé. Honum var jafnframt gert að borga til baka ríflega tólf milljarða króna sem hann hafði haft af viðskiptavinum sínum með svindli.

Sannleikanum samkvæmt

Belfort, sem segist hafa verið edrú síðan 1998, hóf ritun endurminninga sinna í fangelsinu og hafa bækurnar The Wolf of Wall Street og Catching the Wolf of Wall Street verið gefnar út í næstum fjörutíu löndum og þýddar á átján tungumál.

Hollywood-myndin þykir vera ansi trú bókinni samnefndu. Einnhverjir hafa dregið trúverðugleika hennar í efa en FBI-fulltrúinn sem rannsakaði Belfort um tíu ára skeið sagði í viðtali við New York Times að allt sem hann hefði skrifað væri sannleikanum samkvæmt.

Tilnefnd til fimm Óskarsverðlauna

Leikstjóri hinnar þriggja klukkustunda löngu The Wolf of Wall Street er sjálfur Martin Scorsese og fékk hann samstarfsmann sinn til margra ára, Leonardo DiCaprio, til að leika Belfort. Með önnur stórum hlutverk fara Jonah Hill, sem hafði lengi dreymt um að vinna með Scorsese, og Margot Robbie.

Tökur hófust í ágúst árið 2012 og kom myndin út vestanhafs 25. desember síðastliðinn við góðar undirtektir gangrýnenda og almennings. Myndin hefur verið tilnefnd til fimm Óskarsverðlauna, þar á meðal sem besta mynd og fyrir bestu leikstjórn, auk þess sem DiCaprio var tilnefndur fyrir bestan leik í aðalhlutverki. Stutt er síðan DiCaprio hlaut Golden Globe-verðlaunin fyrir frammistöðu sína. Myndin hefur einnig verið tilnefnd til tvennra Bafta-verðlauna. Að auki hefur Scorsese verið tilnefndur til hinna virtu Directors Guild-verðlauna.

Wolf of Wall Street kostaði eitt hundrað milljónir dala í framleiðslu og hefur hún þénað rúmar 120 milljónir dala samanlagt í heimalandinu og erlendis í miðasölu.



GOLDEN GLOBE-HAFI Leonardo DiCaprio sem Jordan Belfort í The Wolf of Wall Street.

→ Hvatti fólk til að sniðganga myndina

Christina McDowell skrifaði opið bréf til Jordans Belfort og framleiðenda Wolf of Wall Street sem birtist í blaðinu LA Weekly á annan í jólum. Þar hvatti hún almenning til að sniðganga myndina og sagði að hún myndi hvetja aðra „úlfa“ eins og Belfort til dáða. Hún sagði myndina ekki gera fórnarlömbum Belfort nægileg skil.

McDowell er dóttir Tom Prousalis sem var samstarfsmaður Belfort og skildi dóttur sína eftir í skuldasúpu áður en hann stakk af frá fjölskyldu sinni. „Málið er að þið eruð hættuleg. Kvikmyndin ykkar er kæruleysisleg tilraun til að halda áfram að láta sem þessir glæpir hafi skemmtanagildi, á sama tíma og þjóðin er enn að jafna sig eftir enn eitt hneykslið á Wall Street. Í hverju viljum við gleyma okkur? Þessum svikulu viðskiptamönnum, krassandi kynlífslýsingum og kókaín-ferðalögum þeirra? Við vitum sannleikann. Svona hegðun kom Bandaríkjunum á hnén,“ skrifaði hún og í kjölfarið hafa margir gagnrýnt Scorsese, DiCaprio og féлага fyrir þátttöku þeirra í myndinni.

RISA ÚTSALA

HÚSASMÍÐJUNNAR

ALLT AÐ
70%
AFSLÁTTUR

50%
AFSLÁTTUR



Vatnskarafa
og 18 gús
VERÐ ÁÐUR 6.999
NÚ **3.000 kr.**
þú sparar: 3.999 kr

30%
AFSLÁTTUR



Hnífasett
VERÐ ÁÐUR 9.990
NÚ **6.899 kr**
þú sparar: 3.091 kr

40%
AFSLÁTTUR



Juðari
Black & Decker 135W
VERÐ ÁÐUR 8.949
NÚ **5.395 kr.**
þú sparar: 4.400 kr

30%
AFSLÁTTUR



Handþeytari
VERÐ ÁÐUR 2.989
NÚ **1.990 kr.**
þú sparar: 999 kr



Eldhústæki
Emmevi
VERÐ ÁÐUR 17.990
NÚ **13.995 kr.**
þú sparar: 4.595 kr

30%
AFSLÁTTUR



Vetrarúpa
True North
VERÐ ÁÐUR 19.998
NÚ **13.999 kr**
þú sparar: 5.999 kr



Frystikista 203 ltr.
VERÐ ÁÐUR 80.295
NÚ **63.900 kr.**
þú sparar: 16.395 kr

20%
AFSLÁTTUR



Veggflis hvít
VERÐ ÁÐUR 2.280
NÚ **1.824 kr/m²**
þú sparar: 456 kr/m²

40%
AFSLÁTTUR



Topplyklasett
1/2" 23 stk 8-32 mm
VERÐ ÁÐUR 13.695
NÚ **7.995 kr.**
þú sparar: 5.700 kr

40%
AFSLÁTTUR



Skrúfvél
WORX 3.0V
VERÐ ÁÐUR 6.995
NÚ **4.195 kr.**
þú sparar: 2.800 kr

ÚTSALA
& LAGERHREINSUN
á völdum vörum
Í BLÓMAVALI
20-50%
afsláttur

TÚLÍPANAR
10 STK
1.499 kr



ORKIDEA
1.390 kr
1.990



ÁSTARELDUR
699 kr
1.049

LUKTIR
STYTTUR, VASAR OG
SEALAR
30%
afsláttur



blómaval



HÚSASMÍDJAN
HLUTI AF BYGMA

LÆGGA
LAGA
VERÐ

* Afsláttur gildir eingöngu af útsöluvörum.
Gildir ekki af vörum merktum „Lægsta léga verð Húsasmíðjunnar“.
Vörurval getur verið mikið á milli verslana

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

Pessir hönnuðir sýna á RFF2014

Átta íslenskir hönnuðir koma til með að sýna á **Reykjavík Fashion Festival** í ár. Þeir eru **Cintamani, Ella, Farmers Market, JÖR** by **Guðmundur Jörundsson, magnea, REY, Sigga Maija** og **Ziska**. Hátíðin fer fram í fimmta sinn samhliða HönnunarMars, 27. til 30. mars. Fréttablaðið tók púlsinn á hönnuðunum sem taka þátt, spurði hverju þeir myndu aldrei klæðast og hvað sé skemmtilegast við RFF.

Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is



→ Póra Ragnarsdóttir, Rún Gunnarsdóttir, Neil Smith, Guðbjörg Jakobsdóttir: **Cintamani**


Cintamani tekur þátt í RFF í fyrsta sinn í ár. → **Skemmtilegast við RFF:** Útivist og fatnaður er ástríða okkar og það er okkur sönn gleði að sýna afkastur vinnu okkar undanfarna ár.

→ **Tískufyrirmyndin:** Við horfum bæði til

tísku og þess sem er að gerast í útivist og sækjum innblástur til beggja átta. Öll góð hönnun sem samþættir tæknieiginleika, hreyfigetu og stílhreina fagurfræði höfðar til okkar. Cintamani hefur núna sterka ímynd sem byggir á þessum þáttum.

→ **Tískubólur ársins:** Það er í okkar augum samruni útivistar og tísku sem er í raun engin bóla heldur það sem koma skal.

→ **Í hvaða flík mynduð þið aldrei láta sjá ykkur?** Aldrei að segja aldrei... en ætli við getum ekki sagt með vissu að ekkert okkar sjáist í magabol aftur.



→ Elínróslíndal: **Ella**

einhverri hugsun þá leyfist ansi margt. Þess vegna elska ég klassískan fatnað, sem undirstríkar persónuna og auðvelt er að breyta og gera að sínu. Svo finnst mér falleg efni eftirsóknaverð. Helsta tískubólan á þessu ári að mínu mati er klassíkin.

→ **Í hvaða flík myndir þú aldrei láta sjá þig?** Ég held ég sé of listræn fyrir þetta svar. Kanskí glansandi Jane Fonda-leikfimbúningi frá tíunda áratugnum. Nema ég verði súperfít næstu árin. Hver veit.

Ella tekur þátt í RFF í þriðja sinn í ár.

→ **Skemmtilegast við RFF:** Mér finnst það nauðsynlega lærdómsríkt fyrir ungt tískuhús á borð við ELLU. Listrænn stjórnandi þarf að velja sögu sem hann ætlar að segja og hún þarf að vera viðeigandi. Sagan verður samt að vera ný og sjóvið að stela augnablikum frá áhorfandanum.

Að búa til fatnaðinn er eitt, að setja upp sýninguna er svo allt annar hlutur. Mér finnst skemmtilegast að vinna með ólíku fólki sem allt er sérfræðingar á sínu sviði. Við hjá ELLU höfum verið ákaflega ánægð með hópinn okkar.

→ **Tískufyrirmyndin:** Ég á mér margar tískufyrirmyndir og leita þá aðallega í konur sem hafa breytt heiminum. Konur sem voru á sínum forsendum, var sama um hvað öðrum fannst um þær og lifðu lífinu. Á meðal þeirra sem heilla mig eru Amelia Earhart, fyrst kvenna til að fljúga einsömul yfir Atlantshafið, Sophia Loren hefur lengi verið í uppáhaldi og Lauren Hutton. Á meðal sam-tímafólks verð ég að nefna fiðluleikarann Charlie Siem – hann er músan mín þessa dagana.

→ **Tískubólur ársins:** Í hinum fullkomna heimi ætti fólk að klæða sig eftir eigin smekk, lífsgildum og persónu. Að klæða sig eftir sannfæringu er alltaf heillandi – ef það er gert af



Bergþóra Guðnadóttir: **Farmer's Market**

→ **Í hvaða flík myndir þú aldrei láta sjá þig?** Þegar maður er farinn að upplifa spíralinn sem tískan þræðir ætti maður að fara varlega í að segja aldrei. Með útsjónarsemi má vinna með nánast hvað sem er.

Farmers Market tekur þátt í þriðja sinn. Farmers Market tók þátt í fyrstu RFF-sýningunni sem var haldin í Kaaberhúsinu og í sýningunni í fyrra.

→ **Skemmtilegast við RFF:** RFF er gott tækifæri til að kynna vörulínu ársins og þar með veröld Farmers Market eins og við sjáum hana.

→ **Tískufyrirmyndin:** Móðir náttúra sem alltaf tekst að tolla í tískunni.

Tískubólur ársins: Hjá unglingunum sýnist mér að Buffalo-skótískan sé að skella á enn eina ferðina.



Skyndihjálparnámskeið hjá Rauða krossinum í Kópavogi

Fjögurra tíma námskeið

21. jan., 18. feb., 4. mars, 9. apr. og 14. maí

Þátttakendur læra grundvallaratriði í skyndihjálpar og endurlífgun. Markmiðið er að þátttakendur verði hæfir til að veita fyrstu hjálpar á slyssstað.

Slys og veikindi barna

10. febrúar, 5. mars, 14. apríl og 5. maí

Fjallað er um varnir gegn slysum á börnum og orsakir slysa almennt, þroska barna og slys sem tengjast aldri. Leiðbeint er í skyndihjálpar við barnaslysum og áverkum af ýmsu tagi, endurlífgun barna og andlegum undirbúningi við komu barna á sjúkrahús.



Allar nánari upplýsingar á skyndihjalp.is og í síma 554 6626.



• Rauðakrosshúsið Hamraborg 11 • www.raudikrossinn.is/kopavogur



→ Rebekka Jónsdóttir: **REY**

Rebekka Jónsdóttir tekur nú þátt í RFF í fjórða sinn.

→ **Skemmtilegast við RFF:** Öll samvinnan, mér finnst virkilega gaman að vinna að því að allt smelli saman með fagfólkinu, sviðið, tónlistin, förðunin, hárið, módelin og svo framvegis.

→ **Tískufyrirmyndin:** Þar sem þessu er svarað á afmælisdegi Kate Moss hlýtur hún að standa upp úr í dag.

→ **Tískubólur ársins:** Viðar buxur. Og svo munum við sjá miklu meira af bomber-jökkum.

→ **Í hvaða flík myndir þú aldrei láta sjá þig?** Crocs.



Sigga Maija tekur þátt í fyrsta sinn í RFF undir eigin merki.

Áður hefur hún unnið að sýningu fyrir aðra, eins og JÖR og Hildi Yeoman.

→ **Skemmtilegast við RFF:** Allt ferlið, og vitandi það að það tekur í raun aldrei enda.

→ **Tískufyrirmyndin:** Ég á mér engar sérstakar tískufyrirmyndir. Ég fæ innblástur frá alls konar fólki og úr alls konar ástæðum.

Fyrir mér er áhugaverðara að tala um innblástur. Innblásturinn kemur oftast eftir nýjar uppgötvanir og töluvert grúsk og stundum fær maður hann úr óvæntustu áttum. Svo sækir ég mér hann í listir, tækni, kvikmyndir, tónlist og bækur, bækur, bækur.

→ **Tískubólur ársins:** Ég er ekki mikið að pæla í tískubólum. Mér finnst áhugaverðara að horfa á heildarmyndina og hvað það er sem mun hafa áhrif á okkur og hvernig það kemur út í því sem við viljum klæðast.

Ég held að kjörórðin á næsta ári séu full-orðinslegt og klassískt með góðri skvettu af nútímanum.

→ **Í hvaða flík myndir þú aldrei láta sjá þig?** Hmmm, veit ekki hvað skal segja, en ég veit það þegar ég sé hana.



→ Sigríður Margrét: **Sigga Maija**

FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR



→ Harpa Einarsdóttir: Ziska

Ziska tekur þátt í RFF í annað sinn.


→ **Skemmtilegast við RFF:** Ætli það sé ekki mómentið þegar öll módelin eru komin í fötin með hár og fördun, og þvílík spenna þegar þau ganga niður tískupallinn. Ég veit það er skrítið en ég fæ alveg kökk í hálsinn við

tilhugsunina.

→ **Tískufyrirmyndin:** Mér finnst Tilda Swinton alltaf ómótstæðileg, en ég held ég geti ekki sagt að ég eigi einhverja eina fyrirmynd, það breytist eins og árfarvegurinn.

→ **Tískubólur ársins:** Fáránlega skrítnar litasamsetningar, eins og appelsínugult og mintublátt, gegnsæ efni, píls niður fyrir hné, stórir jakkar og stuttar peysur, já og flatbotna skór.

→ **Í hvaða flík myndir þú aldrei láta sjá þig?** Ég er nú alltaf í ullarsockkunum og þægilega gallanum í vinnunni, og skammast mín ekki fyrir að vera þannig á meðal fólks, en þó held ég að ég myndi aldrei láta sjá mig í þeim títt nefnda óskapnaði Crocs-plastskóm. Það ætti að setja einhvern í fangelsi fyrir þá uppfinningu.



→ Magnea Einarsdóttir: Magnea

Þetta er í fyrsta sinn sem Magnea sýnir á RFF og jafnframt í fyrsta sinn sem hún sýnir á Íslandi.

→ **Skemmtilegast við RFF:** Bara allt. Þetta er skemmtilegasti parturinn af öllu ferlinu finnst mér, að útfæra hugmyndirnar og undirbúa

sýninguna. Það eru þúsund hlutir sem þarf að huga að og tilfinningin þegar allt smellur saman í lokin er æðisleg.

→ **Tískufyrirmynd:** Ég á mér ekki beint neina tískufyrirmynd en ég hrífst alltaf af persónulegum fatastíl hjá fólki, litlum smáatriðum og látlausum samsetningum sem virðast fyrirhafnarlausar.

→ **Tískubólur ársins:** Gúmmí og ull.
→ **Í hvaða flík myndir þú aldrei láta sjá þig?** Fyrir mánuði síðan hefði ég sagt Crocs-skóm en svo langaði son minn í svoleiðis í jólagjöf og ég vissi ekki fyrr en ég var búin að fjárfesta í einu pari handa honum. Hann er frekar sætur í þeim svo hver veit nema ég verði komin í Crocs áður en ég veit af.



→ Guðmundur Jörundson: JÖR

JÖR sýnir á RFF í þriðja sinn í ár.

→ **Skemmtilegast við RFF:** Þetta er frábær hátíð og vel skipulögð. Eini stóri viðburðurinn á Íslandi en það er hins vegar nauðsynlegt að halda hátíðina tvisvar á ári til að skapa hefð fyrir haust- og sumarlínunum á Íslandi.

→ **Tískufyrirmynd:** Það breytist nokkrum sinnum á ári. Ég tek hluti fyrir í ákveðinn tíma og skil síðan hálfpartinn við þá.

→ **Tískubólur ársins:** Það kemur í ljós á RFF í lok mars.

→ **Í hvaða flík myndir þú aldrei láta sjá þig?** Þær eru svo óendanlega margar.



Heimspíanistar í Hörpu



HARPA

Harpa kynnir með stolti

Goðsögnin Philip Glass frumflytur eigin verk í Hörpu

Philip Glass

28. janúar, kl. 20:00

Piano études

Ásamt píanóleikurunum Víkingi Heiðari Ólafssyni og Maki Namekawa

www.harpa.is/philipglass

ICELANDAIR

Arion banki

Tryggðu þér miða á www.harpa.is

Ronaldo raðaði inn mörkunum

Portúgalski knattspyrnumaðurinn Cristiano Ronaldo var nýlega kjörinn besti knattspyrnumaður heims af Alþjóðaknattspyrnu-sambandinu. Hann fór á kostum og skoraði 69 mörk í 59 leikjum. Þetta var í annað sinn sem kappinn hlaut Gullboltann.


Freyr Bjarnason
freyr@frettabladid.is

Portúgalski framherjinn Cristiano Ronaldo var kosinn besti knattspyrnumaður heims af Alþjóðaknattspyrnusambandinu en að kjörinu standa fyrirliðar og þjálfarar landsliða heims ásamt útvöldum fjölmiðla-mönnum.

Ronaldo fékk að launum hinn eftirsóttu Gullbolta FIFA en hann átti frábært ár með Real Madrid og portúgalska landsliðinu. Hann rauf þar með fjögurra ára einokun Lionel Messi á Gullboltanum. Argentíski snillingurinn hafði fengið boltann á hverju ári síðan Ronaldo vann hann í fyrsta skipti árið 2008.

MÖRK CRISTIANOS RONALDO ÁRIÐ 2013

Ronaldo var hreint út sagt magnaður á síðasta ári. Hann skoraði 69 mörk í aðeins 59 leikjum með Real Madrid og portúgalska landsliðinu.



12 milljónir punda

Ronaldo fór á kostum í vináttuleik á milli portúgalska liðsins Sporting Lissabon, sem hann spilaði með, og Manchester United í ágúst 2003. Frammistaðan var svo góð að United keypti hann skömmu síðar á 12,24 milljónir punda.

80 milljónir punda

Manchester United seldi spænska stórlíðinu Real Madrid Ronaldo árið 2009 fyrir 80 milljónir punda sem var heimsmet á þeim tíma.

Samtals deildarleikir á Englandi:

118 Mörk / 292 leikir

Samtals deildarleikir á Spáni:

224 mörk / 231 leikir

Samtals:

354 mörk / 547 leikir

Meistaradeild:

Real Madrid:

44 mörk / 45 leikir

Manchester United:

15 mörk / 52 leikir

Samtals:

59 mörk / 97 leikir

Landsleikir:

48 mörk / 110 leikir

CRISTIANO RONALDO

Fæddur: 5. febrúar 1985

Þjóðerni: Portúgal

Hæð: 1,86 cm


Þyngd: 80 kg

EINVÍGI RONALDOS OG MESSI SÍÐUSTU ÁR

MÖRK OG STÖÐSENDINGAR RONALDOS OG MESSI



BARÁTTA RONALDOS OG MESSI UM GULLBOLTANN



MARKASKORUN RONALDOS Í ÖLLUM LEIKJUM MEÐ MAN. UNITED OG REAL MADRID

Tímabil	Félag	Leikir	Mörk
2013/2014	Real Madrid CF	25	30
2012/2013	Real Madrid CF	55	55
2011/2012	Real Madrid CF	55	60
2010/2011	Real Madrid CF	54	53
2009/2010	Real Madrid CF	35	33
2008/2009	Manchester United	53	26
2007/2008	Manchester United	49	42
2006/2007	Manchester United	53	23
2005/2006	Manchester United	47	12
2004/2005	Manchester United	50	9
2003/2004	Manchester United	40	6

PESSIR HAFA UNNIÐ GULLBOLTANN OFTAST

Lionel Messi 4



2012 2010
2011 2009

Johan Cruyff 3



1974
1971 1973

Marko Van Basten 3



1992
1988 1989

Michel Platini 3



1985
1983 1984

Alfredo Di Stefano 2



1957
1959

Franz Beckenbauer 2



1976
1976

Kevin Keegan 2



1979
1978

Ronaldo 2



1997
2002

Karl-Heinz Rumminigge 2



1981
1980

Cristiano Ronaldo 2



2008
2013

netto



GRÆN
ÁSKORUN
HILDAR &
netto

Hildur er snillingur í gerð
þeytinga og mun kenna
þáttakendum allan galdurinn!



Lærðu að búa til og elska græna heilsudrykki
Skráðu þig strax á netto.is/graenaskorun




heilsu & lífsstílsdagar

SKOÐAÐU BÆKLINGINN Á NETTO.IS

– FJÖLDI HUGMYNDA, UPPSKRIFTA OG SPENNANDI TILBOÐA

25%
AFSLÁTTUR
Á YFIR 2000 VÖRUM
FYRIR HEILSUNA
OG LÍFSSTÍLINN



*Natur
grautur*

1 DL GRÓFIR HAFRAR
2 DL MÖNDLU/RÍSMJÓLK
1 HANDFYLLI FROSIN BLÁBER
1 MSK GOJI BER
1 MSK KAKÓNIBBUR
2 MSK GRASKERSFRÆ
NOKKRAR SAXAÐAR MÖNDLUR
1 TSK VANILLUDUFT

Öllu blandað saman í skál
og látið standa í ísskáp
yfir nótt. Að morgni biður
þín þessi sedjandi og
gómsæti grautur, uppfullur
af næringu.

LÍF
RÆNT



HEILSA
TRÖLLHAFRAR 500G
339KR | 25% | **254KR**



HRÁ
FÆÐI
GOJI BER 200G
2.169KR | 25% | **1.627KR**



KAKÓNIBBUR 300G
1.298KR | 25% | **974KR**



GRASKERSFRÆ 200G
629KR | 25% | **472KR**



LÍF
RÆNT
VANILLUDUFT
859KR | 25% | **644KR**



LÍF
RÆNT
ISOLA
RÍS/MÖNDLUMJÓLK 750ML
398KR | 25% | **299KR**



ÞEYTINGUR



LÍFRÆNT



KRÍLIN



SÉRFÆÐI



HOLLUSTA



UPPBYGGING



UMHVERFIÐ




LÍF
RÆNT
KAKÓNIBBUR 300G
1.298KR | 25% | **974KR**



LÍF
RÆNT
CHLORELLA DUFT 200G
2.198KR | 25% | **1.649KR**



LÍF
RÆNT
BYGGGRAS DUFT 200G
2.198KR | 25% | **1.649KR**



LÍF
RÆNT
ACAIBERJA DUFT 125G
3.598KR | 25% | **2.699KR**




LÍF
RÆNT
HVEITIGRASDUFT 200G
2.198KR | 25% | **1.649KR**



LÍF
RÆNT
MACA DUFT 300G
1.298KR | 25% | **974KR**



LÍF
RÆNT
KAKÓDUFT 250G
1.249KR | 25% | **937KR**



www.netto.is

| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

tilboðin gilda 16. - 29. jan. 2014

HVERNIG VÆRI AÐ PRÓFA AÐ LITA HÁRIÐ LJÓST Á ÞESSU ÁRI?

Eitt af því allra nýjasta á árinu 2014 verður að lita hárið ljóst. Sumir geta verið svo djarfir að lita hárið nánast hvítt en aðrir lýsa aðeins dökka hárið. Stjörnurnar vestan hafs hafa ekki farið varhluta af þessari tiskubólu og hafa fjölmargar stjörnur tekið stakkaskiptum og skipt úr dökkum lokkum yfir í ljósa upp á síðkastið.

Ekki skemmir fyrir að ljósu lokkarnir geta lýst upp hversdagsleikann í vetrarmyrkrinu.



BEYONCE KNOWLES



ASHLEY GREENE



KIM KARDASHIAN



CIARA

YFIRHEYRSLAN JÓHANN ALFRED KRISTINSSON, GRÍNISTI Í MIÐ-ÍSLANDI

Geggjað að **nostra** við **Excel**

1 Hvað halda margir um þig sem er alls ekki rétt?
Að ég sé Nilli.

2 Hvað kæmi fólki sem kynntist þér mest á óvart? Ég á mér rosalega praktíska hlið. Mér finnst alveg geggjað að nostra við einhver Excel-skjöl. Eftirfylgni Excel-skjala áætla. Ekki jafn góð.

3 Hvað kemur út á þér tárnum? Ég er viðkvæmur snemma á morgnana. Mynd af krökkum sem söfnuðu 3.500 krónum með tombólu fyrir Rauða krossinn getur dugað til.

4 Hvað gerir þig pirraðan? Að kaupa í matinn, skafa bílinn, mæta á fundi, að þurfa að pissa, svara tölvupósti, bíða eftir fólki, bíða eftir mat, of kaldar sturtur, sírennsli í klósettum, þegar maður er blautur á fótunum, skammdegið, kuldinn, vindurinn, útrúningur matvæli, umferðin og þá helst dónaskapur í umferðinni. Þetta virkar eins og ég sé alltaf pirraður en ég tek fram að þetta er algjörlega tæmandi listi. Ég er í raun mjög skapgóður og dagfarsprúður náungi.

5 Hvað er fyndnast í heimi? Segjum bara Mið-Íslandsuppstandið. Lítillæti er svo mikið anno 2008-2011.

6 Er líf á öðrum hnöttum? Mér finnst það líklegt. Hef ekki miklar áhyggjur samt. Ég er „team“ Homo sapiens. Við erum langflottust.

7 Hvert er fallegasta hljóð sem þú hefur heyrt? Windows 95 startup-„soundið“. Ég var svo spenntur þegar ég fékk tölvu að ég endurræsti hana 120 sinnum á dag til að heyra þetta hljóð. Hún bræddi úr sér á innan við þremur vikum.

8 Hvað gerirðu þegar allir aðrir eru sofnaðir? Stari á Gordon Ramsey-þætti í iPadinum. Ég sofna alltaf svangur eins og börnin hans Bjarts í Sumarhúsum.

9 Hvaða frægu persónu ertu skotinn í? Ég er óður í þessar helstu. Ég er sérstaklega ánægður með hvað Bandaríkin eru góð að

próðusera heitar píur sem heita Jennifer. Fyrst voru það Jennifer Aniston og Jennifer Lopez. Jennifer Caprati var flott í tennisnum. Svo kom Jennifer Connelly sterk inn áður en hún byrjaði með Jason Priestley. Svo mætti auðvitað nefna Jennifer Garner, Jennifer Jason Leigh og auðvitað Jennifer Love Hewitt, sem var alveg með þetta á tímabili. En nú er það Jennifer Lawrence með sitt „girl next door“-útlit sem er algjörlega tekin við og heldur manni við efnið.

10 Ef þú mættir taka eina bók, eina plötu og eina bíómynd með þér á eyðieyjuna, hvað yrði fyrir valinu? Alltaf kemur nú þessi spurning. En ætli ég myndi ekki segja fjórði árgangurinn af Eimreiðinni, í fylgd með fullorðnum með Bjartmari og Persona eftir Bergmann. Það er hæfileg dýpt í henni en „dass“ af erótík líka, svona þar sem maður er fastur á eyðieyju.

11 Hver er fyrsta minningin þín? Standar með öskubökkum á göngunum í Kringlunni þegar hún var nýopnuð. Að minnsta kosti eftirminnilegt. Hvað var fólk að spá?

12 Hvað verðurðu að gera eftir fimm ár? Taka úr vél, setja í vél, útrétta, skafa bílinn, bíða eftir fólki, bíða eftir mat, gera skattaskýrsluna, redda ryksugum. Þetta tekur yfirleitt mesta tímann. Vonandi fær maður einhverjar lím-ónur þess á milli.

13 Ricky Gervais eða Richard Pryor? Báðir góðir. En Pryor var meistari í uppstandi. Algjör frumkvöðull.

14 Hver var æskuhetjan þín? Michael J. Fox. Ég horfði örugglega 55 sinnum á myndina Doc Hollywood. Hún er arfaslök.

15 Horfirðu á EM í handbolta? Alveg límdur. Bara áðan öskraði ég leikleysa í röð sem mér fannst ekki ganga nógu hratt.

„Ég er sérstaklega ánægður með hvað Bandaríkin eru góð að próðusera heitar píur sem heita Jennifer.“



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Lodur er með **rain-x á allan bílinn**


- Rain-X býður upp á fullkomna yfirborðsvörn
- Rain-X verndar bílinn, eykur útsýni og öryggi
- Hreinn bíll eyðir allt að 7% minna eldsneyti

Við erum á sex stöðum á höfuðborgarsvæðinu
www.lodur.is - Sími 544 4540

APP VIKUNNAR BOX

Hver vill ekki láta gögnin sín dvelja á öruggum og aðgengilegum stað? Ef þú ert að vinna með hópi fólks sem dreift er víðs vegar um heiminn er forritið einkar hentugt. Það skiptir engu máli hvar þú ert staddur í heiminum, þú getur alltaf komist inn í smáforritið, að því gefnu að nettenging sé fyrir hendi.

